

RANNSÓKNASKÝRSLUR FERÐAMÁLAEILDAR HÁSKÓLANS Á HÓLUM



Viðhorf til nytja- og minjagildis torfbygginga

Sigríður Sigurðardóttir



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA



MINJASTOFNUN
ÍSLANDS



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS



BYGGÐASAFN
SKAGAFIRÐINGA

Rannsóknir um minjaarf I – torfbyggingar.

© Ferðamáladeild Háskólans á Hólum 2020 / Sigríður Sigurðardóttir.

Útgefandi: Háskólinn á Hólum.
Sími (+354) 455 7300.
Rafrænn póstur: holaskoli@holar.is
Veffang: www.holar.is

Titill: Viðhorf til nytja- og minjagildis torfhúsa.

Höfundur: Sigríður Sigurðardóttir.

Ljósmyndir: Inga Katrín D. Magnúsdóttir (IKDM), Sigríður Sigurðardóttir (SS).

Forsíðumyndin er af Hólum í Hjaltadal: Óli Arnar.

Öll réttindi eru áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs samþykkis útgefanda.

ISBN 978-9935-9366-6-0



Byggðarannsóknasjóður Byggðastofnunar styrkti þessa rannsókn.

Formáli

Fjöldi ferðamanna sem sækir menningararfstengda afþreyingu vex með ári hverju og framboð á sögu- og menningartengdu efni að sama skapi. Ein tegund þess menningararfs sem fólk sækist eftir að skoða eru gömul hús. Þar með talin eru torfhús sem eru táknrænn íslenskur byggingararfur en möguleikar til að skoða þann arf eru takmörkum háðir. Nokkrir stórir torfbærir í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands eru opnir fyrir gesti til skoðunar og nokkrar torfbyggingar af öðru tagi.

Fleiri torfhús frá liðinni tíð standa enn og hægt væri að gera við þau eða hafa til hliðsjónar við endurgerð, ef áhugi væri fyrir því. Gamlar torfbyggingar eru „sögulegar menningarminjar“, sem vitna um verk- og siðmenningu kynslóðanna sem á undan okkur gengu og þróun bygginga. Því fleiri sem hverfa því dýrmætari verða þær sem eftir standa.

Til þess að viðhalda torfbyggingum þarf að kunna að byggja þær. Sú kunnátta byggist á sérhæfðu handverki og fyrr en varir þarf að skoða hvernig hægt verður að halda handverkinu við. Kominn er tími til að kanna hvernig hús úr torfi nýtast í þágu ferðaþjónustunnar og hver viðhorf ferðamanna og heimamanna eru til þeirra. Sömmuleiðis hvaða möguleika og tilgang fólk sér í þeim. Þessari rannsókn er ætlað að svara því og að leiða í ljós hvernig ferðamenn og landsmenn meta þennan menningararf, hvaða sess hann hefur í huga þeirra.

Ferðamáladeild Háskólans á Hólum stendur fyrir rannsókninni. Samstarfsaðilar eru: Þjóðminjasafn Íslands, Minjastofnun Íslands, Byggðasafn Skagfirðinga og Rannsóknamiðstöð ferðamála.

Styrkur frá Byggðarannsóknarsjóði Byggðastofnunar gerði rannsóknina mögulega og er hér með sérstaklega þakkað fyrir hann.

Ágrip - Abstract

Í skýrslunni eru teknar saman niðurstöður rannsókna um viðhorf gagnvart torfhúsaarfi þjóðarinnar. Samtals tóku 588 manns þátt í rannsókninni. Haft var samband við þátttakendur með net-, póst- og vettvangskönnunum. Í ljós kemur að ferðamenn, hvort sem þeir eru íslenskir eða erlendir, meta mikils að geta skoðað torfhús og kynnt sér þau og fengið þannig innsýn í byggingararf og hversdagslíf þjóðarinnar fyrr á öldum. Þá virðast landsmenn, eftir að hafa skoðað á þriðja hundrað svara um viðhorf Íslendinga gagnvart torfhúsaarfinum, almennt vera hlynntir því að honum verði viðhaldið og hann nýttur í ferðaþjónustu. Spurning er hvort hægt er að virkja þann áhuga og jákvæðni til að vinna að varðveislu þessa afbrigðis menningararfs okkar og gefa ferðalöngum, sem vitja torfhúsanna, kost á að tryggja varðveislu þeirra, svo sem með nefskatti á aðgangseyri eða með öðrum hætti.

This study examines which attitudes are prevalent relating to the Icelandic turf houses, a subsection of Iceland's cultural heritage. A total of 588 individuals participated in the study in 2019. Participants were recruited through online, postal and site surveys. The results show that tourists, both Icelandic and from abroad, value these buildings and enjoy gaining insight into the everyday life of the nation through the centuries. Likewise, after reviewing over two hundred responses from Icelanders about their opinions on turf heritage, it's clear that Icelanders are in favour of maintaining and utilizing vernacular buildings for tourism. The question is whether this positive interest can be harnessed in order to facilitate the preservation of this form of cultural heritage. Thus, travellers (Icelandic as well as foreigners) who visit the turf houses might get the opportunity to secure their preservation, for example through extra taxes on access fees.

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
Ágrip - Abstract.....	3
Efnisyfirlit.....	4
Myndaskrá	6
Inngangur	9
1 Staða þekkingar	10
2 Rannsóknin – gögn og gildi	12
2.1 Gagnaöflun.....	14
2.2 Framkvæmda- og samstarfsaðilar.....	14
3 Þátttakendur í rannsókninni	15
3.1 Skriflegar spurningakannanir	16
3.1,1 Spurningar fyrir heimildamenn þjóðháttasafns.....	17
3.1,2 Spurningar fyrir minjaráðsfulltrúa	17
3.2 Viðtöl á vettvangi – ferðalangar Norðanlands	17
3.3 Viðtöl á vettvangi – torfbæjagestir	18
4 Mögulegar afurðir rannsóknarinnar	18
5 Viðhorf heimildamanna þjóðháttasafns – úrvinnsla.....	20
5.1 Eigin reynsla.....	21
5.2 Gildi torfhúsa.....	23
5.3 Varðveisla og nýtingu torfhúsa.....	32
5.4 Aldursmunur og eftirgerðir. Staða torf- og grjóthleðslupekkingar.....	38
5.5 Síðasta skeið torfhúsanna.....	43
5.6 Upplýsingar um torfhús.....	44
6 Viðhorf minjaráðsfulltrúa – úrvinnsla	46
6.1 Eigin reynsla.....	47
6.2 Gildi torfhúsa.....	48
6.3 Varðveisla og nýting torfhúsa.....	53
6.4 Aldursmunur, eftirgerðir og staða handverkspekkingar.....	57
6.5 Síðasta skeið torfhúsanna.....	59
6.6 Upplýsingar um torfhús.....	60
7 Viðhorf ferðamanna.....	62
7.1 Mat vegfarenda á Norðurlandi.....	62

7.2 Mat bæjargesta.....	65
7.2,1 Nýibær á Hólum í Hjaltadal.....	65
7.2,2 Laufás í Höfðahverfi.....	67
7.2,3 Grenjaðarstaður í Aðaldal.....	69
7.2,4 Glaumbær á Langholti.....	70
7.3 Aldur bæjargesta – úrvinnsla.....	72
7.4 Einkunnagjafir, samanburður milli torfbæja – úrvinnsla.....	73
7.5 Þjóðerni bæjargesta – úrvinnsla.....	76
7.6 Aðdráttaraflið – úrvinnsla.....	77
7.7 Fræðslugildið – úrvinnsla.....	78
7.8 Minjagildið – úrvinnsla.....	79
7.9 Upplifunin – úrvinnsla.....	80
8. Niðurstöður.....	81
Heimildir.....	85
Grunngögn.....	87
I Spurningaskrá ÞMS-127 (2019-2) Viðhorf til torfhúsa.....	87
II Viðhorf til torfhúsa – spurningar fyrir minjaráðsfulltrúa (MÍ).....	88
III Vettvangsspurningar RMF.....	89
IV Vettvangsspurningar. Torfhús: ferðamál, gildi, varðveisla.....	89
V Úrvinnsla svara til þjóðháttasafns - ÞMS. Spurningalisti 127-2019-2.....	90
VI Úrvinnsla svara frá minjaráðsfulltrúum.....	97
VII Heimildamenn þjóðháttasafns – kynjaskipt svör eftir aldurshópum.....	101

Myndaskrá

MYND (1). HLUTFALL ERLENDRA OG INNLENDRA ÞÁTTTAKENDA HJÁ RMF.	11
MYND (2). ÞÁTTTAKENDUR Í TORFHÚSARANNSÓKNINNI.	16
MYND (3). NÝIBÆR Á HÓLUM Í HJALTADAL. LJÓSM. SS.	19
MYND (4). ALDURSSKIPTING ÞÁTTTAKENDA HJÁ ÞMS.	20
MYND (5). EIGIN REYNSLA – TENGD KYNI.	21
MYND (6). EIGIN REYNSLA - ALDURSTENGD.	21
MYND (7). EIGIN REYNSLA – KYNBUNDIÐ MAT.	22
MYND (8). EIGIN REYNSLA – ALDURSTENGD.	22
(MYND (9). A) GILDI TORFHÚSA. JÁKVÆÐ/NEIKVÆÐ AFSTAÐA.	23
MYND (10). B) GILDI TORFHÚSA. KYNBUNDIÐ MAT. MIÐAST VIÐ 447 SVÖR.	24
MYND (11). FYRIR HVAÐ STANDA TORFHÚS. ALDURSTENGD SVÖR.	24
MYND (12.) HVAÐ ER MERKILEGAST/ÓMERKILEGAST VIÐ TORFHÚS? KYNBUNDIÐ MAT. 241 SVÖR.	25
MYND (13). HVAÐ ER MERKILEGT/ÓMERKILEGT VIÐ TORFHÚS? ALDURSTENGT MAT.	25
MYND (14). SÖGU- OG FRÆÐSLUGILDI TORFHÚSA. KYNBUNDIÐ MAT.	26
MYND (15). SÖGU-, FRÆÐSLU- OG MENNINGARGILDI TORFHÚSA. ALDURSTENGT MAT.	26
MYND (16). ÞJÓÐERNIS- OG ÍMYNDARLEGT GILDI TORFHÚSA. KYNBUNDIÐ MAT.	27
MYND (17). ÞJÓÐERNIS- OG ÍMYNDARLEGT GILDI TORFHÚSA. ALDURSTENGT MAT.	28
MYND (18). STJÓRNMÁLALEGT GILDI TORFHÚSA. KYNBUNDIÐ MAT.	29
MYND (19). STJÓRNMÁLALEGT GILDI TORFHÚSA. ALDURSTENGT MAT.	29
MYND (20). GILDI TORFHÚSA FYRIR FERÐAÞJÓNUSTU. KYNBUNDIÐ MAT.	30
MYND (21). GILDI TORFHÚSA FYRIR FERÐAÞJÓNUSTU. ALDURSTENGT MAT.	31
MYND (22). VARÐVEISLA OG NÝTING TORFHÚSA Í ÞÁGU FERÐAMANNA. KYNBUNDIÐ MAT.	32
MYND (23). VARÐVEISLA OG NÝTING TORFHÚSA Í ÞÁGU FERÐAMANNA. ALDURSTENGT MAT.	32
MYND (24). ANNARSKONAR VARÐVEISLA OG NÝTING. KYNBUNDIÐ MAT.	33
MYND (25). ANNARSKONAR VARÐVEISLA OG NÝTING. ALDURSTENGT MAT.	34
MYND (26). VARÐVEISLA FLEIRI TORFHÚSA. KYNBUNDIÐ MAT.	35
MYND (27). VARÐVEISLA FLEIRI TORFHÚSA. ALDURSTENGT MAT.	35
MYND (28). HVER Á AÐ BERA KOSTNAÐ AF TORFHÚSUM? KYNBUNDIÐ MAT.	36
MYND (29). HVER Á AÐ BERA KOSTNAÐ AF TORFHÚSUM? ALDURSTENGT MAT.	37
MYND (30). ALDURSMUNUR OG EFTIRGERÐIR. KYNBUNDIÐ MAT.	38
MYND (31). ALDURSMUNUR OG EFTIRGERÐIR. ALDURSTENGT MAT.	39
MYND (32). KYNBUNDIÐ MAT Á ALDURSMUN OG EFTIRGERÐUM TORFHÚSA.	39
MYND (33). ALDURSTENT MAT Á ALDURSMUN OG EFTIRGERÐURM TORFHÚSA.	40
MYND (34). STAÐA TORF- OG GRJÓTHLEÐSLUKUNNÁTTU. KYNBUNDIÐ MAT.	41
MYND (35). STAÐA TORF- OG GRJÓTHLEÐSLUKUNNÁTTU. ALDURSTENGT MAT.	41
MYND (36). STAÐA ÞEKINGAR TIL FRAMTÍÐAR LITIÐ?	42
MYND (37). STAÐA ÞEKINGAR TIL FRAMTÍÐAR LITIÐ. KYNBUNDIÐ MAT.	42
MYND (38). STAÐA TORF- OG GRJÓTHLEÐSLUÞEKINGAR. ALDURSTENGT MAT. 97 ÞÁTTTAKENDA.	42
MYND (39). SÍÐASTA SKEIÐ TORFHÚSA. KYNBUNDIÐ MAT.	43
MYND (40). SÍÐASTA SKEIÐ TORFHÚSA. ALDURSBUNDIÐ MAT UM HVAÐ SKAL VARÐVEITA.	43
MYND (41). MAT Á YNGSTU GERÐUM TORFHÚSA. MIÐAST VIÐ 132 SVÖR.	44
MYND (42). ÁBENDINGAR UM VINNULAG VIÐ MAT Á TORFHÚSUM.	44
MYND (43). BRATTAHLÍÐ Í SVARTÁRDAL. LJÓSM.SS.	45
MYND (44). SVARHLUTFALL MINJARÁÐSFULLTRÚA.	46
MYND (45). HVERNIG ÞEKIRÐU TORFHÚS? KYNBUNDIN SVÖR MINJARÁÐSFULLTRÚA.	46
MYND (46). HVE OFT HEFURÐU KOMIÐ Í TORFHÚS?	47

MYND (47). HVE LANGT ER SÍÐAN ÞÚ KOMST Í TORFHÚS?	47
MYND (48). AFSTAÐA TORFHÚSAEIGENDA TIL NÝTINGAR ÞEIRRA.	48
MYND (49). FYRIR HVAÐ STANDA TORRFHÚS?	48
MYND (50). HVAÐ ER MERKILEGAST/ÓMERKILEGAST VIÐ TORFHÚS?	49
MYND (51). SÖGULEGT GILDI.....	49
MYND (52). MENNTUNAR- OG FRÆÐSLUGILDI.....	50
MYND (53). ÞJÓÐERNISLEGT GILDI TORFHÚSA.	50
MYND (54). STJÓRNMÁLALEGT GILDI.	51
MYND (55). HVERNIG LÝSA SÉR PÓLÍTÍSK AFSKIPTI AF TORFHÚSUM?	52
MYND (56). FERÐAMÁLATENGD GILDI TORFHÚSA OG MÖGULEIKAR.	52
MYND (57). NÝTING TORFHÚSA Í FERÐAÞJÓNUSTU.	53
MYND (58). MÖGULEG NÝTING TORFHÚSA MEÐ ÖÐRUM HÆTTI EN GERT ER.	53
MYND (59). BETRI NÝTING - HUGMYNDIR.	54
MYND (60). FYRIRSTÖÐUR BREYTTTRAR NOTKUNAR TORFHÚSA.	54
MYND (61). Á AÐ VARÐVEITA FLEIRI TORFHÚS?	55
MYND (62). HVER Á AÐ BERA KOSTNAÐ AF TORFHÚSUM?	55
MYND (63). STAÐA TORFHÚSA GAGNVART MENNINGARMINJALÖGUM?	56
MYND (64). ALDURSMUNUR OG EFTIRGERÐIR TORFHÚSA.....	57
MYND (65). ERU EFTIRGERÐIR ALLTAF ALVEG EINS OG FYRIRMYNDRNAR?	57
MYND (66). ÞEKKIRÐU FÓLK SEM KANN TORF-OG GRJÓTHLEDSLUSLU?	58
MYND (67). STAÐA TORF- OG GRJÓTHLEDSLUPERKINGAR.	58
MYND (68). FRAMTÍÐ HANDVERKSPEKKINGAR AÐ MATI MINJARÁÐSFULLTRÚA.	59
MYND (69). TIL VINSTRI. GILDI SÍÐUSTU GERÐA TORFHÚSA.	
MYND (70). TIL HÆGRI. GILDI TORFHÚS. Á AÐ VARÐVEITA ÞAU?	59
MYND (71). FRAMHÚS TORFBÆJARINS Á TYRFINGSSTÖÐUM. LJÓSM. IKDM.	61
MYND (72). ÁHUGI Á TORFHÚSUM. ÝMSIR VEGFARENDUR.	62
MYND (73). LEIFAR 18.-19. ALDAR TORFBÆJAR Á STÓRU-ÖKRUM Í BLÖNDUHLÍÐ. LJÓSM SS.....	62
MYND (74). UPPLÝSINGAR SEM VEGFARENDUR Á NORÐURLANDI HÖFÐU UM TORFHÚS.	63
MYND (75). ALDURSSKIPTING VEGFARENDA Í VIÐTÖLUM Á VETTVANGI.	63
MYND (76). ÞJÓÐERNI VEGFARENDA Í VIÐTÖLUM Á VETTVANGI.....	63
MYND (77). VÍÐIMÝRARKIRKJA Í SKAGAFIRÐI. LJÓSM. SS.....	64
MYND (78). EINKUNNAGJÖF BÆJARGESTI Í NÝJABÆ EFTIR ALDRI.	65
MYND (79). HEIMSÁLFUTENGINGAR OG ÞJÓÐERNI VIÐMÆLENDA Í NÝJABÆ.	65
MYND (80). EINKUNNAGJÖF BÆJARGESTA Í LAUFÁSI.....	67
MYND (81). ÞJÓÐERNIS- OG HEIMSÁLFUTENGINGAR BÆJARGESTA Í LAUFÁSI.	68
MYND (82). EINKUNNAGJÖF BÆJARGESTA Á GRENJAÐARSTAÐ.	69
MYND (83). ÞJÓÐERNIS- OG HEIMSÁLFUTENGINGAR BÆJARGESTA Á GRENJAÐARSTAÐ.....	69
MYND (84). EINKUNNAGJÖF BÆJARGESTA Í GLAUMBÆ.....	70
MYND (85). ÞJÓÐERNIS- OG HEIMSÁLFUTENGINGAR BÆJARGESTA Í GLAUMBÆ.	70
MYND (86). GLAUMBÆR. LJÓSM. SS.	72
MYND (87). ALDURSSKIPTING ALLRA 338 BÆJAVIÐMÆLENDA.	72
MYND (88). AÐDRÁTTARAFL. EINKUNNIR FJÖGURRA TORFBÆJA.	73
MYND (89). FRÆÐSLUGILDI. EINKUNNIR FJÖGURRA TORFBÆJA.	74
MYND (90). MINJAGILDI. EINKUNNIR FYRIR NÝJABÆ, LAUFÁS OG GLAUMBÆ.	75
MYND (91). ÞJÓÐERNI 338 BÆJARGESTA.....	76
MYND (92). AÐDRÁTTARAFL. HUTFALL EINKUNNA MILLI BÆJA.....	77
MYND (93). FRÆÐSLUGILDI. HLUTFALL EINKUNNA MILLI BÆJA.	78
MYND (94). MINJAGILDI. HLUTFALL EINKUNNA MILLI ÞRIGGJA BÆJA.	79

MYND (95). MIKILVÆGI HANDVERKSPEKkingAR. HLUTFALL EINKUNNA.....	79
MYND (96). OFTAST NOTUÐU ORÐIN TIL AÐ LÝSA UPPLIFUN EFTIR TORFBÆJARHEIMSÓKN.....	80
MYND (97). ÞEKKIRÐU TORFHÚS AF EIGIN RAUN?	101
MYND (98). HVE OFT HEFURÐU KOMIÐ Í TORFHÚS?.....	101
MYND (100). HVAÐ ER MERKILEGT, ÓMERKILEGT VIÐ TORFHÚS?	102
MYND (99). FYRIR HVAÐ STANDA TORFHÚS?	102
MYND (102). HVERT ER ÞJÓÐERNIS- OG FRÆÐILEGT GILDI TORFHÚSA?.....	102
MYND (101).HVERT ER SÖGU- OG FRÆÐSLUGILDI TORFHÚSA?	102
MYND (104). HVERT ER FERÐAMÁLALEGT GILDI TORFHÚSA?	102
MYND (103). GILDI TORFHÚSA Á STJÓRN MÁLASVIÐI.	102
MYND (106). ÆTTI AÐ NÝTA TORFHÚS MEÐ ÖÐRUM HÆTTI EN GERT ER?	102
MYND (105). NÝTING TORFHÚSA Í ÞÁGU FERÐAÞJÓNUSTU - MAT.	102
MYND (108). HVER Á AÐ BERA KOSTNAÐ VIÐ VARÐVEISLU TORFHÚSA?	102
MYND (107). ÆTTI AÐ VARÐVEITA FLEIRI TORFHÚS? HVAR VEGNA?	102
MYND (110). MAT Á EFTIRGERÐUM TORFHÚSA.....	102
MYND (109). VAR MUNUR Á 19. OG 20. ALDAR TORFHÚSUM?	102
MYND (111). HVER ER STAÐA TORF- OG GRJÓTHLEDSLUKUNNÁTTU?.....	102
MYND (112). ÞEKKIRÐU EINHVERJA SEM KUNNA TORF- OG GRJÓTHLEÐSLU?.....	102
MYND (113). HVAÐ FINNST ÞÉR UM SÍÐASTA SKEIÐ TORFHÚSA?	102

Inngangur

Á undanförunum árum hefur töluverð umræða verið um íslenskan menningararf og hann skilgreindur í alþjóðlegu samhengi út frá nútíma viðhorfum. Vægi menningarfs í ferðaþjónustu fer vaxandi og ljóst er að ferðamennska hefur sí augin áhrif á efnahag, menningu, náttúru og ímynd landsins, sem og á sjónarmið fólks til verndunar og nýtingar náttúru- og menningarminja. Samkvæmt rannsókn Ferðamálastofu árið 2018 nefndu 53,9% erlendra ferðamanna ýmsar menningartengdar ástæður fyrir Íslandsferðinni.¹ Hvort torfhús voru þar á meðal er óvíst því ekki var sérstaklega spurt um þau. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna sérstaklega viðhorf fólks til þeirra. Rannsókninni er ætlað að leiða í ljós hvaða sess torfhús hafa í ferðaþjónustu og hver vilji Íslendinga er til að nýta þau og vernda. Rannsókninni er einnig ætlað að sýna viðhorf innlendra og erlendra gesta torfhúsa gagnvart verndun handverksins að baki þeirra, sem hverfur hægt og hljótt verði ekki brugðist við í tíma. Sé nýtingar- og varðveisluvilji afgerandi væri áhugavert að skoða hvort möguleiki er til að fjármagna forna byggingahandverkskennslu í samspili minjaverndar og ferðaþjónustu þannig að nýtingin kosti viðhaldið. Með hugtakinu torfhús í rannsókninni er átt við hús sem að meira eða minna leyti er hlaðið úr torfi og grjóti.

¹ Oddný Þóra Óladóttir (2019). Bls. 11.

1 Staða þekkingar

Rannsóknir á viðhorfi Íslendinga til eigin menningararfs eru fáar og byggingararfurinn er þar ekki undanskilinn. Rögnvaldur Guðmundsson hjá *Rannsóknum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar* kannaði áhuga erlendra og íslenskra ferðamanna á gömlum byggingum árið 2005 fyrir Húsafriðunarnefnd ríkisins.² Í skýrslum hans, sem komu út í febrúar 2006, kom fram áhugi fólks á torfhúsum, sem hann mat á skalanum 1-10. Einkunnin 9-10 var fyrir mikinn áhuga, 7-8 fyrir fremur mikinn áhuga, 5-6 fyrir nokkurn áhuga og 1-4 fyrir lítinn áhuga. Jafnaðareinkunnin var 6,4 en „samkvæmt þessari flokkun höfðu 56% þátttakenda mjög eða fremur mikinn áhuga á íslensku torfhúsunum“.³ Meðalaldur svarenda var 41,8 ár en áhugafólk um torfhús og önnur gömul hús var að jafnaði aðeins eldra.⁴ Konur höfðu meiri áhuga á torfhúsum en karlar, meiri áhugi var meðal eldra fólks en yngra og fólk í hópferð hafði meiri áhuga á þeim en þeir sem voru í ferð á eigin vegum. „Þá höfðu 74-76% íbúa frá S-Evrópu og Benelux löndunum mjög eða fremur mikinn áhuga á íslensku torfhúsunum en hins vegar einungis 37% Norðurlandabúa og 43% Breta“.⁵ Áhugi Íslendinga á torfhúsum árið 2005 mældist með meðaleinkunnina 5,6 eftir sömu mælikvörðum.⁶ Samkvæmt því höfðu 48% íslenskra þátttakenda í þeirri rannsókn áhuga á torfhúsum. Sami mismunur kom fram eftir kynjum og aldri og meðal útlendinga og landsbyggðafólk var áhugasamara um torfhúsin en þéttbýlisbúar á suðvesturhorni landsins.⁷ Niðurstaða rannsóknar Rögnvaldar var að áhugi á gömlum húsum, þ.m.t. torfhúsum, á Íslandi væri „býsna mikill“ og í ljósi þess rík ástæða til að efla verndun þeirra.⁸

Sumarið 2019 vann Rannsóknarmiðstöð ferðamála (RMF) könnun fyrir Markaðsstofu Norðurlands sem fólst í að greina áhuga ferðamanna og þátttöku „í sögutengdri ferðaþjónustu á Norðurlandi“.⁹ Ferðamáladeild Háskólans á Hólum fékk RMF til að bæta við þá könnun spurningum um heimsóknir í torfhús, enda voru áform um að leggja könnunina fyrir ferðamenn á fjórtán söfnum, setrum og sýningum á Norðurlandi. Þar á meðal safnsýningum í torfbæjum, s.s. í Glaumbæ, Laufási og á Grenjaðarstað.

² Rögnvaldur Guðmundsson (2006). *Gamlar byggingar áhugi erlendra ferðamanna 2005; Áhugi Íslendinga á gömlum byggingum*. Samantekt unnin fyrir Húsafriðun ríkisins febrúar 2006.

³ Rögnvaldur Guðmundsson (2006). *Gamlar byggingar áhugi erlendra ferðamanna 2005*. Bls. 1.

⁴ Rögnvaldur Guðmundsson (2006). *Gamlar byggingar áhugi erlendra ferðamanna 2005*. Bls. 6.


⁵ Rögnvaldur Guðmundsson (2006). *Gamlar byggingar áhugi erlendra ferðamanna 2005*. Bls. 7.

⁶ Rögnvaldur Guðmundsson (2006). *Áhugi Íslendinga á gömlum byggingum*. Bls.1.

⁷ Rögnvaldur Guðmundsson (2006). *Áhugi Íslendinga á gömlum byggingum*. Bls.1, 6.

⁸ Rögnvaldur Guðmundsson (2006). *Áhugi Íslendinga á gömlum byggingum*. Bls. 1.

⁹ Vera Vilhjálmisdóttir (2019). Bls. 1.



1 Mynd (1). Hlutfall erlendra og innlendra þátttakenda hjá RMF.

Könnun RMF var lögð fyrir á tímabilinu 26. júní til 18. ágúst 2019. Þátttakendur voru alls 823. Þar af voru 625 erlendir gestir og 198 íslenskir ferðalangar.¹⁰

Í ljós kom að 23,2% svarenda voru staddir á Norðurlandi til að sjá torfhús.¹¹ Þegar spurt var hvað annað en safnsýningar (söfn) fólk hefði áhuga á að skoða nefndu 38,9% erlendra ferðamanna torfhús.¹² Erlendu ferðamennirnir

röðuðu torfhúsum í 6. sæti í vali um aðra afþreyingu, á eftir náttúrulegum jarðböðum, hvala-, fugla- eða selaskoðun (saman í flokki), sundi, fjallgöngu og öðrum söfnum. Þau lentu hins vega í 3.-4. sæti í vali innlendra ferðalanga á eftir sundi og öðrum söfnum og fengu 26,8% tilnefninga eins og fjallgöngur, sem fengu jafnmörg atkvæði. Samkvæmt könnuninni virðast ferðamenn ákveða nokkuð fyrirvaralaust að skoða safnsýningar og að þeir setji þær ekki á dagskrá fyrr en ljóst er að þær passi inn í tímaplön ferðarinnar. Í könnun RMF kom fram mikilvægi þess að torfhúsa, þar sem safnsýningar eru, sé getið í ferðabókum um Ísland, sem mögulegir viðkomustaðir og sem má skoða, því „meirihluti ferðamanna hafði lesið um söfnin í bókum eða bæklingum“.¹³

¹⁰ Vera Vilhjálmsdóttir (2019). Bls. 4.

¹¹ Vera Vilhjálmsdóttir (2019). Bls. 12.

¹² Vera Vilhjálmsdóttir (2019). Bls. 16.

¹³ Vera Vilhjálmsdóttir (2019). Bls. 18.

2 Rannsóknin – gögn og gildi

Rannsókn þessari er fyrst og fremst beint að torfhúsum/-byggingum. Megin markmið hennar eru:

1) að kanna viðhorf Íslendinga og erlendra gesta landsins til torfhúsa, 2) fá fram skoðanir fólks um gildi torfhúsarfs þjóðarinnar og 3) að kynnast skoðun (mati) almennings á gildi handverksins á bak við torfhúsin og þar með verndun þeirra.

Markmið rannsóknarinnar ríma við þá stefnu Minjastofnunar Íslands að efla þurfi „vitund almennings um mikilvægi menningarminja og verndar þeirra“.¹⁴ Spurningar þær sem rannsóknin byggir á ættu að vekja fólk til umhugsunar um torfbyggingar og skapa grundvöll til að ræða framtíð þeirra.

Hið sama gildir um að kanna viðhorf gesta til þeirra torfbygginga í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands sem hýsa safnsýningar, eins og sýningu Byggðasafns Skagfirðinga í gamla torfbænum í Glaumbæ, sýningu Minjasafnsins á Akureyri í gamla bænum í Laufási og sýningu Menningarmiðstöðvar Þingeyinga í gamla bænum á Grenjaðarstað. Þær viðhorfskannanir varpa einnig ljósi á þekkingarleit og áhuga gesta sem heimsækja safnsýningar af því tagi og vitna um möguleika til ávinnings í safnastarfi, sem stöðugt er leitað eftir.¹⁵ Áhugi ferðamanna á torfbæjunum og sýningunum sem þar hafa verið settar upp geta skipt máli um varðveislu þessa menningararfs fyrir kynslóðir framtíðarinnar.

Mörg áhugaverð torfhús (torfbyggingar) standa enn víða um land en heildarskrá yfir þau er ekki til. Gera þarf viðbragðsáætlun til verndunar og viðhalds húsanna í samráði við hagsmunaaðila, af því að þessi hús munu glatast án fólks með reynslu og þekkingu á þeim handverksaðferðum sem liggja að baki byggingunum. Til að átta sig á umfanginu þarf að skrá þau, staðsetja og lýsa þeim til að þekkja ástand þeirra. Þá verður auðveldara en nú er að móta framtíðarstefnu gagnvart viðhaldi og verndun torfhúsa og til að skapa sóknarfæri fyrir frekari nýtingu þeirra um land allt. Af tuttugu torfhúsum í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands eru átta með auglýstan opnunartíma og móttöku fyrir gesti. Í húsasafninu eru tíu stórir torfbæir, fimm torfkirkjur, tveir bæjarhlutar úr torfi og þrjú minni torfhús. Söfn, einstaklingar og stofnanir hafa sett á fót útminjasöfn og varðveisluverkefni þar sem torfhús leika lykilhlutverk í mótun staðar- og söguvitundar s.s. í Árbæjarsafni og Skógum undir Eyjafjöllum. Tækniskólinn í Hafnarfirði, Fornverkaskólinn í Skagafirði, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Húsverndarstofa Borgarsögusafns Reykjavíkur í Árbæjarsafni og fleiri bjóða upp á stöku

¹⁴ *Stefna Minjastofnunar Íslands 2018-2020* (2018). Bls. 17.

¹⁵ *Safnastefna á sviði menningarminja* (2018). Bls. 31.

námskeið sem snerta viðgerðir og viðhald á torfbyggingum samkvæmt gömlum aðferðum en betur má ef duga skal og nauðsynlegt er að þessir aðilar fái meiri faglegan og fjárhagslegan stuðning.

Listamenn hafa gert torfhús að viðfangsefni sínu og arkitektar hafa litið til torfhúsa sem fyrirmynda í skipulagi og gerð mannlegs umhverfis í arkitektúr samtímans.¹⁶ Sömuleiðis hafa ýmsir fræðimenn og aðilar ferðapjónustunnar reifað gildi torfhúsa sem menningararfs og hvernig hann er nýttur en sjaldnast er þá gengið út frá viðhorfum almennings.¹⁷ Einstaka ferðapjónustuaðilar hafa byggt upp nýja gisti- og afþreyingarþjónustu í torfhúsum, s.s. gistihús í Einolti í Biskupstungum, á Hofsstöðum í Skagafirði, gisti- og veitingahús í Möðrudal á Fjöllum og nýtt hesthús úr torfi var byggt upp á Lýtingsstöðum í Skagafirði til að sýna ferðamönnum við hvaða aðstæður og aðbúnað svokallaðir „brúkshestar“, sem notaðir voru vetrarlangt fyrir heimilið, voru haldnir.

Hagnýtt gildi þessarar rannsóknar felst í:

- nýrri þekkingu, sem gæti nýst ferðamála-, mennta- og menningarmálayfirvöldum til framtíðarnýtingaáforma
 - og til að leggja á ráðin um varðveislu þeirrar grunnhandverksþekkingar (torf- og grjóthleðslu og trésmíði) sem viðhald þeirra krefst.

Vísindalegt gildi rannsóknarinnar felst í því:

- að fá yfirlit yfir torfhús í landinu til að hægt sé að skapa grunn að byggða- og minjarannsóknum,
- að þekkja gildismat fólks og afstöðu gagnvart torfhúsum,
- að þekkja hvaða hugmyndir almenningur hefur um verndun og nýtingu torfhúsa,
- að nýta hana sem grunn að áætlanagerð um uppbyggingu og rekstur ferðapjónustu sem snerta þennan sem annan menningararf,
- að skapa umræður og vekja hugmyndir um menningararfsrannsóknir.

Þá þarf að skoða hvernig þessi hús gætu nýst út frá sjónarhorni handverksvarðveislu/minjavörslu og út frá sjónarmiðum ferðapjónustuaðila og hvernig hægt er að samræma þau sjónarmið?

Til að gefa lesendum skýrslunnar dæmi um torfhús eru birtar nokkrar ljósmyndir til glöggvunar.

¹⁶ Hörður Ágústsson (1998). Hjörleifur Stefánsson (2013).

¹⁷ Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Marta Guðrún Jóhannesdóttir (2015). Samtök um söguferðapjónustu (2015). Sigríður Sigurðardóttir (2018).

2.1 Gagnaöflun

Gagnaöflun fór fram á tímabilinu júlí til október árið 2019. Samband var haft við fólk með net-, póst- og vettvangskonnum. Skrifleg svör bárust bæði rafrænt og handskrifuð og svör viðmælenda á vettvangi voru skráð af spyrjendum og í sumum tilfellum af svarendum sjálfum.

Nauðsynlegt var að fá fram viðhorf gesta sem höfðu skoðað torfhús/torfbæi og þeirra sem höfðu persónulega reynslu af að búa í þeim eða umgangast þau með beinum hætti í dvöl um lengri eða skemmri tíma. Þess vegna var beitt blönduðum aðferðum í rannsókninni, þ.e. bæði megindlegum (e. quantitative research methods) og eigindlegum (e. qualitative research methods). Megindlegum til að ná í töluleg gögn og eigindlegum til að fá dýpri skilning á viðfangsefninu. Þessar aðferðir eiga að gagnast þeim samstarfsaðilum sem að rannsókninni standa og þurfa að fá fram fleiri en eitt sjónarhorn á viðfangsefnið.

Viðtöl þau sem tekin voru á vettvangi voru hálfopin (e. semi-structured) til að ná fram skilningi á svörum viðmælenda en spurningar þær sem bornar voru upp við svarendur í rannsókninni voru bæði opnar og hálfopnar, s.s. þegar þátttakendum var aðeins gefinn kostur á að svara í fáeinum orðum. Spylrar studdust við viðtalsramma með fyrirfram ákveðnum spurningum. Spurningar sem óskað var eftir skriflegum svörum við voru opnari og buðu upp á margvísleg og dýpri svör. Þá gátu svarendur lýst viðhorfum sínum af meiri nákvæmni. Úrvinnsla þeirra svara var/er þess vegna flókin.

Á vettvangi var leitast við að fá sem mesta breidd í aldurshóp viðmælenda en svarendur spurningalista, heimildamenn þjóðháttasafns og fulltrúar minjaráðanna, voru fremur eldri en yngri.

2.2 Framkvæmda- og samstarfsaðilar

Við rannsóknina hefur skapast mikilvægt samstarfsnet háskóla, rannsóknarstofnana og aðila í minjavörslu og jafnhliða rannsókninni fór fram viðtæk gagnaöflun sem mun nýtast með tilliti til aðgerða til jákvæðrar byggðapróunar og minjavörslu.

Sigríður Sigurðardóttir, aðjúnkt við *Ferðamáladeild Háskólans á Hólum* (HH) stýrði/stýrir rannsókninni. HH er í samstarfi um rannsóknir og þróunarverkefni við aðra háskóla og rannsóknastofnanir innanlands, sem og fræðasetur og fyrirtæki, erlenda háskóla og stofnanir.

Samstarfsaðilarnir í rannsókninni á árinu 2019 voru:

Byggðasafn Skagfirðinga (BSk), sem sér um rekstur gamla torfbæjarins í Glaumbæ, fyrir hönd Þjóðminjasafns Íslands. Safnið er með sýningu þar og víðar og stundar þverfaglegar rannsóknir á áþreifanlegum og óáþreifanlegum skagfirskum menningararfi. Safnið stendur einnig að kennslu í fornu byggingahandverki. Fulltrúar BSk voru safnverðirnir Hrönn Birgisdóttir og Ylfa Leifsdóttir.

Menningarmiðstöð Þingeyinga (MP), sem sér um rekstur gamla torfbæjarins á Grenjaðarstað. Fulltrúi MP var Örn Björnsson, bæjarvörður á Grenjaðarstað.

Minjastofnun Íslands (MÍ) er stjórnsýslustofnun minjavörslunnar og hefur yfirumsjón með verndun fornleifa- og byggingararfs á Íslandi. Fulltrúar Minjastofnunar voru Guðmundur Stefán Sigurðarson, minjavörður Norðurlands vestra og Þór Hjaltalín, sviðsstjóri og minjavörður Reykjanes.

Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF). Markmið rannsóknamiðstöðvarinnar er að efla rannsóknir á sviði ferðamála, styrkja tengsl háskólastarfs og atvinnulífs og auka þekkingu um ferðamál gegnum innlent og erlent samstarf. Fulltrúar RMF voru Vera Vilhjálmsdóttir, sérfræðingur í menningarstjórnun og Elísabet Ögn Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri.

Þjóðminjasafn Íslands (ÞMS). Þjóðháttasafn (ÞMS) safnar heimildum um íslenska lífshætti með því að semja spurningaskrár og senda út til fólks. Húsasafn Þjms. veitir innsýn í húsakost þjóðarinnar á seinni öldum og þróun húsagerðar á Íslandi. Húsasafnið er kjarni safnkosts Þjóðminjasafns Íslands á landsbyggðinni og varðveitir fjölda torfhúsa. Fulltrúi þjóðháttasafns var Ágúst Ó. Georgsson, sérfræðingur. Fulltrúi húsasafns Þjms. var Guðmundur Lúther Hafsteinsson, sviðsstjóri.

3 Þátttakendur í rannsókninni

Þátttakendur voru 588 manns. Þeir 217 þátttakendur sem svöruðu spurningum skriflega bæði rafrænt og í pósti voru af öllu landinu. Viðmælendur á vettvangi voru 371, allir staddir á Norðurlandi. Þeir voru valdir á ákveðnum dögum í ákveðinn tíma og talað var við alla sem gáfu kost á að svara spurningum um gildi torfhúsa.


Aðferðir til að nálgast svarendur/þátttakendur:

- Spurningalisti var settur inn á gangnasafnið Sarp¹⁸ þar sem allir heimildamenn þjóðháttasafns Þjóðminjasafns Íslands höfðu aðgang að honum, þ.e. þeir sem vildu og gátu svarað rafrænt. Hér er unnið með 200 svör sem höfðu borist þar í gegn fyrir októberlok 2019.

¹⁸ Sarpur á www.sarpur.is. Sótt 6.12.2019.

- Minjastofnun skiptir landinu í átta minjasvæði. Minjaverðir, sem eru starfsmenn Minjastofnunar á hverju svæði, stýra landshlutabundnum minjaráðum. Spurningalisti var sendur 47 nýjum aðal- og varafulltrúum í Minjaráðum á Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi, Suðurlandi og á Reykjanesi, um torfhús. Frá þeim bárust sautján svör.
- Viðtöl voru tekin á vettvangi við 284 gesti sem höfðu heimsótt og skoðað: Nýjabæ (168), Glaumbæ (54), Laufás (61) og Grenjaðarstað (55). Um viðtölin sá rannsóknarstjóri, kennari við Ferðamáladeild Háskólans á Hólum og safnverðir Byggðasafns Skagfirðinga og Menningarmiðstöðvar Þingeyinga.
- Starfsmaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála (RMF) tók viðtöl við 34 ferðalanga sem valdir voru af handahófi hér og hvar á Norðurlandi. Þeim voru sýndar myndir af torfbyggingum og spurt hvort þeir þekktu þannig hús og hvað þeim fyndist um þau.

Langflestir þátttakendur sem svöruðu skriflega voru Íslendingar en þeir voru í talsverðum minnihluta þeirra sem rætt var við á vettvangi, sjá mynd 2.



Mynd (2). Þátttakendur í torfhúsarannsókninni.

2

3.1 Skriflegar spurningakannanir

Spurningalistar um viðhorf til torfbygginga, sem þurfti að svara skriflega, voru sendir til tveggja hópa. Annarsvegar til heimildamanna Þjóðháttasafns Þjóðminjasafns Íslands og hinsvegar til nýkjörinna minjaráðafulltrúa á sex minjasvæðum.

Útskýringar um tilgang spurningaskráanna fylgdu, þess efnis að hún væri hluti af rannsókn um viðhorf almennings til torfhúsa / torfbygginga og að niðurstöður hennar yrðu nýttar í þeim tilgangi að leiða í ljós hve meðvitað fólk er um þennan arf þjóðarinnar og hvaða sess torfhús skipa í hversdagslífi, minjavernd, fræðslu og ferðaþjónustu. Hún yrði einnig nýtt til að sjá afstöðu Íslendinga til verndunar og nýtingar þannig húsa, eins og gert er í dag, eða með öðrum hætti.

3.1,1 Spurningar fyrir heimildamenn Þjóðháttasafns

Sigríður Sigurðardóttir, skýrsluhöfundur og Ágúst Ó. Georgsson, sérfræðingur á Þjóðháttasafni, sömdu spurningalista sem óskað var eftir að heimildamenn ÞMS svöruðu á **Sarpi**, www.sarpur.is, sem er sameiginlegur rafrænn gagnabanki 50 safna og stofnana. Flestir svarendur voru þegar heimildamenn Þjóðháttasafns en spurningalistinn var opinn fyrir alla, á öllum aldri og var auglýstur þannig. Með því náðist samband við yngri heimildamenn en þá sem venjulega svara spurningaskráum Þjóðháttasafnsins. Margir notfærðu sér það og urðu þeir þar með nýir heimildamenn ÞMS.

Spurningalistanum var skipt í kafla eftir áherslum: Kafli 1 af 6 – eigin reynsla af torfbyggingum, kafli 2 af 6 – mat á gildi torfhúsa, kafli 3 af 6 – gildi og möguleikar á varðveislu og nýtingu, kafli 4 af 6 – um viðhorf til aldursmunar á húsum og eftirgerða, kafli 5 af 6 – um síðasta skeið torfbygginga. Í kafla 6 af 6 var fólk beðið um upplýsingar um torfhús, önnur en þau sem þegar eru varðveitt í húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Spurningarskráin er birt í heild sinni aftast í skýrslunni, undir **Grunngögn I Spurningaskrá ÞMS-127 (2019-2) Viðhorf til torfhúsa**.

3.1,2 Spurningar fyrir minjaráðsfulltrúa

Sigríður Sigurðardóttir sendi fulltrúum minjaráða á Vesturlandi, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austfjörðum, Suðurlandi og á Reykjanesi spurningalista þar sem þeir voru spurðir samskonar spurninga og heimildamenn Þjóðháttasafns. Sumar spurningarnar voru endurorðaðar og nokkur atriði voru felld út og bætt við í staðinn. Spurningalistinn er birtur í heild sinni aftast í skýrslunni, undir **Grunngögn II Viðhorf til torfhúsa**.

3.2 Viðtöl á vettvangi – ferðalangar Norðanlands

Elísabet Ögn Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri og starfsmaður RMF, samdi nokkrar spurningar um viðhorf til torfhúsa og lagði fyrir 34 ferðalanga á Norðurlandi, sem voru á ferð á eigin vegum. Hún valdi einstaklingana af handahófi fjarri torfhúsum/torfbyggingum. Hún sýndi þeim myndir af torfbyggingum og spurði út frá þeim: hvort þeir þekktu þannig hús, hvort þeir hefðu heyrt um þau, hvort þeir væru forvitnir um þau og hvort þeir hefðu skoðað þannig hús. Viðmælendur voru einnig spurðir um þjóðerni. Giskað var á aldur þeirra, hvort þeir voru sextugir eða eldri, milli þrítugs og sextugs og yngri en þrítugir.

Spurningarnar eru birtar aftast í skýrslunni undir **Grunnefni III – vettvangsspurningar RMF**.

3.3 Viðtöl á vettvangi – torfbæjagestir

Skýrsluhöfundur, Sigríður Sigurðardóttir, samdi spurningar fyrir torfbæjargesti og tók fólk tali í Nýjabæ á Hólum í Hjaltadal, í Laufási í Eyjafirði og á Grenjaðarstað en þar var hún í samvinnu við Örn Björnsson, bæjarvörð, sem einnig tók viðtöl þar. Í Glaumbæ sáu safnverðirnir Hrönn Birgisdóttir og Ylfa Leifsdóttir um viðtölin.

Fyrstu 28 viðtölin voru tekin í Nýjabæ um mánaðarmótin júní – júlí, nánar tiltekið dagana 28. júní, 1. og 2. júlí. Spurningar, um upplifun af heimsókn í torfbæi, voru slípaðar til fyrir framhaldið. Viðtöl voru svo tekin áfram dagana, 8., 20. og 24. júlí, 9., 12., 19., 20. og 27. ágúst og 6. september á milli kl. 13 og 14. Viðtölin í Laufási voru tekin 5., 16. og 23. ágúst á milli 13:30 og 16. Viðtölin í Glaumbæ voru tekin þriðju og fjórðu viku ágústmánaðar eftir hádegi en á Grenjaðarstað voru viðtölin tekin á mismunandi tímum í þriðju viku ágústmánaðar.

Gestir sem gáfu leyfi til viðtals voru beðnir að meta fræðslugildi, minjagildi, aðdráttarafl og mikilvægi þekkingar til viðgerða torfhúsa og gefa hverju fyrir sig einkunn á skalanum einn til tíu. Einkunnin níu til tíu var fyrir mikið gildi, sjö til átta fyrir fremur mikið gildi, fimm til sex fyrir eitthvert gildi og einn til fjögur fyrir lítið gildi.

Þá voru gestir beðnir um að lýsa upplifun sinni í þremur til fjórum orðum og hve sáttir þeir væru með heimsóknina. Fólk var einnig spurt hvort heimsóknin væri ferðarinnar virði og að síðustu var spurt um þjóðerni. Gróflega var giskað á aldur viðkomandi: eldri en sextugur, milli þrítugs og sextugs og yngri en þrítugur.

Spurningalistinn er í heild sinni aftast í skýrslunni undir **Grunnefni IV Torfhús: ferðamál, gildi, varðveisla** – spurt á vettvangi.

Í skýrslunni eru birtar nokkrar ljósmyndir af torfhúsum til að útskýra umfjöllunarefnið aðeins betur og hvað átt er við með hugtökum eins og torfhús, torfbær, torfbygging.

4 Mögulegar afurðir rannsóknarinnar

Afurðir rannsóknarinnar geta orðið margvíslegar, eftir því hvernig hver samstarfsaðili nýtir hana.

1. Skýrslur s.s.: um viðhorf Íslendinga og erlendra ferðamanna til torfhúsa, um þekkingu á væntingum til þessarar tegundar menningararfs og um stöðu verkþekkingar á bak við torfhúsin.
2. Skráning torfhúsa á landsvísu.
3. Verkefni fyrir nema á BA og MA stigi.

4. Stefnumótun í stað- og svæðisbundinni minjavernd.
5. Stefnumótun um varðveislu handverksþekkingar á sviði torfhúsa.
6. Áhrif á afstöðu ferðamála-, fræðslu- og minjaverndaryfirvalda til torfbygginga.
7. Torfminjaverndarstefna.
8. Fyrirlestrar og erindi.
9. Ritrýndar greinar, blaðgreinar og bókakaflar.
10. Kennslufni.




3 Mynd (3). Nýjabær á Hólum í Hjaltadal. Ljósmynd. SS.

Séra Benedikt Vigfússon á Hólum vildi minnka við sig í ellinni og lét byggja Nýjabær fyrir sig, í einu lagi, á árunum 1859-60. Bærinn er samstæða sex húsa og hefur allt sem einn torfbær þurfti fyrir fámennt en vel stætt heimilishald á seinni hluta 19. aldar. Fremst standa skáli (t.v.) og stofa (t.h.). Í skálanum var fólk hýst eða að hann var notaður sem geymsla. Bæjardyrnar eru á milli skála og stofu. Frá þeim liggja göng inn í baðstofuna sem var aðalíbúðarhúsið (aftasta húsið). Á milli eru eldhús þar sem matur var soðinn og verkaður og búr fyrir matvælageymslu. Nýjabær er einstakur meðal íslenskra torfbæja vegna þess hvernig hann er tilkominn og allur byggður upp í einu lagi. Aðrir stórir torfbærir, sem hafa varðveist, voru byggðir upp á löngum tíma þannig að húsin er yfirleitt ekki öll jafngömul. Í Nýjabæ er meira af torfi en grjóti, sem einangrar húsin vel, nema framhúsin sem eru með óeinangraðri timburgrind og slagþil (með „en þá to“ klæðningu) að utan. Að innan eru panelklæddir veggir. Bygging eins og Nýjabær var ýmist kölluð burstabær eða gangnabær.

5 Viðhorf heimildamanna Þjóðháttasafns – úrvinnsla.

Hér er unnið úr svörum 200 heimildamanna Þjóðháttasafns Þjóðminjasafn Íslands, sem höfðu skilað sér í gegn um gagnabankann Sarp (sarpur.is) fyrir nóvember 2019. Nokkrir heimildamenn höfðu þá einnig svarað spurningaskránni skriflega á pappír og voru þau svör tekin með.

Eldra fólki er tamara að tala um torfbæi fremur en torfhús og létu nokkrir þá skoðun í ljósi að hugtakið torfhús væri rangnefni. Ástæða þess að það var notað var að spurningahöfundar vildu fiska eftir afstöðu til og vitnisburði um öll standandi og hálfstandandi hús, hvort sem þau voru/eru bæjarhlutar eða heilar byggingar. Spurning um hve mörg standandi eða hálfstandandi torfhús viðkomandi þekkti er fyrsti liður í tilraun til að skrá torfhús og torfhúsaleifar á landinu, í samvinnu við Minjastofnun Íslands. Ekki síst torfhús þar sem yngri byggingarefni eru áberandi (steinsteypa, bárujárn, t.d.). Í skýrslunni eru orðin torfhús og torfbyggingar notuð jöfnum höndum.



4 Mynd (4). Aldursskipting þátttakenda hjá ÞMS

Af 200 svarendum sem völdu að taka þátt voru 108 konur og 92 karlar. Myndir sem framvegis fylgja svörum við hverri spurningu sýna annarsvegar kynsamsetningu og hinsvegar aldursamsetningu svaranna, nema annað sé tekið fram. Í nokkrum tilfellum er sýnt hve hátt eða lágt hlutfall ýmsar spurningar hafa miðað við kyn eða aldur. Aftast í skýrslunni eru aldurs- og kyngreind svör.

Eftir samanburð á 25 svörum var valin sú leið í úrvinnslunni að flokka svör hvernar spurningar í fjögur til sex þemu til að vinna með. Svörin eru sýnd myndrænt og samantekt, mat fylgir síðan hverri spurningu.

Aftast í skýrslunni, í kaflanum **Grunngögn**, er birt yfirlit yfir svörin.


5.1 Eigin reynsla.

Svör við kafla 1 af 6 í spurningaskrá. Undir þennan kafla falla tvær spurningar, 1,1 – 1,2.


Sp. 1,1 Þekkir þú torfhús af eigin raun? Ef svo er, með hvaða hætti? Hefur þú t.d. búið í torfbæ?

Hvar voru/eru þessar byggingar staðsettar? Nefndu bæjarheiti.

Unnið er út frá 200 svörum. Á mynd 5 kemur fram að svör við sp. 1 voru brotin niður í fjóra þætti og hvert kynjahlutfall svarenda var. Á mynd 6 eru svörin sett í samhengi við aldur svarenda.



5 Mynd (5). Eigin reynsla – tengd kyni.




6 Mynd (6). Eigin reynsla - aldurstengd.


Af 200 svarendum sögðust 22% hafa alist upp í torfbæ eða hafa persónulega reynslu af lífi í torfbæjum, í gegn um sumardvöl, farskóla eða heimsóknir í bernsku. Þar af voru 75% þeirra sem fæddir voru fyrir 1931 og 40% sem fædd voru fyrir 1951. Sjö prósent þekktu smiðju, geymslu eða dúnhreinsikofa úr torfi og grjóti eða hænsna- og skepnuhald í þannig húsum, af eigin raun.

Langflestir, 61% svarenda, sögðust þekkja til torfhúsa sem gestir, áhorfendur eða hlustendur. Heimildamenn þjóðháttasafns gátu valið að svara spurningalistanum. Að velja að svara má túlka sem áhuga viðkomandi á málinu. Áhugalausir um viðfangsefnið eru vísari til að sleppa því. Svarendurnir átján, sem fæddir voru eftir 1981 (mynd 6), höfðu ekki áður svarað spurningaskránni frá ÞMS og þeim var með engu móti þröngvað til að svara þessum spurningum.

Sp. 1.2 í kafla 1 af 6 í spurningaskrá. Spurt um eigin reynsla. Um það bil hve oft hefur þú komið í torfhús? Hve langt er síðan þú komst seinast í þannig hús? Í þessum spurningum er unnið með 200 svör.



7 Mynd (7). Eigin reynsla – kynbundið mat.



8 Mynd (8). Eigin reynsla – aldurstengd.

Hlutfallslega flestir fæddir á tímabilinu 1981-2002, eða 62%, sögðu að innan við ár væri síðan þeir komu í torfbæ. Meirihluti svarenda fæddir á tímabilinu 1951-1980 sögðu að innan við ár væri síðan þeir komu inn í torfhús og voru konur þar í miklum meirihluta (mynd 102, aftast). Meirihluti í aldurshópnum sem fæddur var 1931-1950 sögðust hafa komið í torfhús fyrir einhverjum árum. Tíu einstaklingar svöruðu ekki spurningunni eða sögðust aldrei hafa komið í torfhús.


5.2 Gildi torfhúsa.

Svör við kafla 2 af 6 í spurningaskrá. Undir þennan kafla falla sex spurningar, 2.1-2.6.

Sp.2.1 Fyrir hvað standa torfhús í þínum huga? Hver er fyrsta hugsun þín þegar þú hugleiðir þetta?

A) Er hún jákvæð eða neikvæð? B) Vinsamlega færðu rök fyrir afstöðu þinni.

Við þessum spurningum komu 447 svör því margir svöruðu í mörgum liðum og með mörgum rökum. Svörunum var skipt í tvennt þannig að fyrri hlutinn A) (mynd 9), þar sem spurt var um hvort viðkomandi væri jákvæður eða neikvæður gagnvart torfhúsum og B) (mynd 10, 11, 105) um hver




9 (Mynd 9). A) Gildi torfhúsa. Jákvæð/neikvæð afstaða.


væru fyrstu viðbrögð, hugrenningar, sem færu um hugann um það fyrir hvað torfhús standa.

Samtals svöruðu 99 manns fyrri liðnum og sögðust fjögur fædd 1931-1950 (jafnmargar konur og karlar) og tveir karlar fæddir 1951-1980 (sjá mynd 105) vera neikvæð gagnvart torfhúsum.

Svörum við seinni liðnum var skipt í fimm þætti (sjá myndir 10 og 11). Af þeim svörum má ráða að meirihluti þeirra sem ekki svöruðu fyrri liðnum er jákvæður gagnvart torfhúsaarfinum.



10 Mynd (10). B) Gildi torfhúsa. Kynbundið mat. Miðast við 447 svör.




11 Mynd (11). Fyrir hvað standa torfhús. Aldurstengd svör.


Langflestir, eða 93% svarenda, sögðu að torfhús vektu hjá þeim virðingu og væntumþykju. Þau stæðu fyrir merkilega þróunarsögu, væru þjóðartákn, vagma íslenskrar menningar, hagleiksverk fortíðar, byggingararfur, sem sýndi verkmenningu þjóðarinnar. Þá sögðu 56% að í sínum huga stæðu torfhús fyrir heimili, fyrir hýsingu húsdýra, fyrir seiglu, þrautseigju, sjálfsbjargarviðleitni og gestrisni. Tuttugu manns nefndu að þau stæðu fyrir sjálfbærni, þau væru umhverfis- og vistvæn. Sautján manns sögðu að þau stæðu fyrir fátækt og vosbúð, kaldan og gamlan tíma.

Sp.2.2 Hvað finnst þér merkilegast og hvað ómerkilegast við torfhús?

Við þessum spurningum komu 241 svör og voru þau flokkuð í fimm þætti eftir þemum.



12 Mynd (12.) Hvað er merkilegast/ómerkilegast við torfhús? Kynbundið mat. 241 svör.




13 Mynd (13). Hvað er merkilegt/ómerkilegt við torfhús? Aldurstengt mat.


Fólk sem fætt var á tímabilinu 1951-1980 var duglegast að svara og konur töluvert duglegri en karlar (mynd 13 og 102, 103). Margir, 31% svarenda, sögðu ekkert ómerkilegt vera við torfhús og 46,5% tóku fram að þeim þætti merkilegt hve efni úr næsta nágrenni hefði nýst vel til húsanna. Aðeins færri sögðu merkilegt hve lengi fólk bjó í þeim þrátt fyrir heilsuspillandi aðbúnað, raka og vöntun á hreinlætisaðstöðu, sem hefði verið þeirra helsti löstur. Á þriðja tug svarenda bentu á að byggingarefnið, torfið, entist illa og að torfhúsin krefðust mikils viðhalds. Þau hefðu verið lek, köld og heilsuspillandi og þannig ómerkileg. Fjórir svarendur sögðust alls enga skoðun hafa í þessu efni.

Sp.2.3 Í hverju felst sögulegt gildi torfhúsa einkum? En menntunar- og fræðslugildi?

Samtals komu 375 ábendingar um sögu-, fræðslu- og menningargildi torfhúsa. Hér flokkuð í fernt.



14 Mynd (14). Sögu- og fræðslugildi torfhúsa. Kynbundið mat.




15 Mynd (15). Sögu-, fræðslu- og menningargildi torfhúsa. Aldurstengt mat.

Mjög margir, 78% svarenda, af báðum kynjum og á öllum aldri sögðu að sögu-, menntunar og fræðslugildi torfhúsa vera mikið en nefndu mismunandi þætti, s.s. að torfbyggingar sýndu hugvit og verkemningu, þau væru byggingafræðilega mikilvæg sem húsagerð þessa heimshluta og væru framlag okkar til húsasögu heimsbyggðarinnar. Ríflega helmingur svarenda sögðu þau veita raunsanna innsýn í fortíðarlífnaðarhætti og þau væru þannig áhrifaríkari en nokkur texti. Þá sögðu 35,5% að þau hefðu mikið sögulegt gildi og að saga þjóðarinnar yrði ekki sögð án þeirra. Talsverður hópur, 20%, sögðu þau sýna hve þjóðin hefur alltaf verið háð og náin náttúrunni.


Sp. 2.4 Hafa torfhúsin eitthvað gildi fyrir þjóðerni og sjálfsmynd Íslendinga að þínu mati? Ef svo er, hvers vegna? Ef svarið er neikvætt, hvers vegna ekki?

Samtals komu fram 203 álit um þetta. Þeim er skipt í fimm meginþemu.



16 Mynd (16). Þjóðernis- og ímyndarlegt gildi torfhúsa. Kynbundið mat.

Tæpur helmingur svarenda (mynd 16) sögðu að torfhús vitni um íslenska menningu og vitund um þjóðerni. Þau væru sérstæður menningararfur, jafngild tungumáli og handritum og standi fyrir frumkvæði og sköpunarkraft. Margir tóku fram að þeir væru stoltir yfir að hafa átt forfeður sem bjuggu í torfbæjum. Nokkrir, 11,5%, töldu að ekki væri lengur sama tenging við torfhúsin eins og áður fyrr og að þau hefðu ekki lengur tákngildi fyrir landsmenn. Börn væru hætt að teikna burstabæi til að tákna sveitina eins og algengt var á síðustu öld. Torfkofatal sögðust 11% svarenda túlka með neikvæðum hætti. Sögðu þannig talsmáta niðrandi og ekki til þess fallinn að efla ímynd eða þjóðernisvitund. Margt fólk sem bjó í torfhúsum hefði skammast sín fyrir þau en torfkofatal í nútímanum væri þó fremur og oftast tilkomið af skilningsleysi og vanþekkingu (mynd 16, 17).




17 Mynd (17). Þjóðernis- og ímyndarlegt gildi torfhúsa. Aldurstengt mat.


Nokkrir tóku fram að það væri lærdómsríkt og hollt fyrir kynslóðir nútímans að sjá, með eigin augum, aðstöðu og bjargráð forfeðranna. Athygli vekur hve margir af yngsta aldurshópnum (mynd 17) taka fram að svo sé og að sjá með eigin augum aðstöðu forfeðranna. Enginn svarenda tók fram að torfhús hefðu ekkert þjóðernis- eða ímyndarlegt gildi.

Sp.2.5 Geta torfhús haft gildi á vettvangi stjórnmálanna á einn eða annan hátt? Hvernig lýsir það sér, ef svo er?

Við spurningunni komu 169 svör. Þeim var skipt í fernt.



18 Mynd (18). Stjórnámallegt gildi torfhúsa. Kynbundið mat.




19 Mynd (19). Stjórnámallegt gildi torfhúsa. Aldurstengt mat.


Margir svarenda leiddu þessa spurningu hjá sér og 27,5% þeirra sögðust ekki hafa skoðun á því hvort torfhús tengdust stjórnámum eða sáu enga tengingu þar á milli. Umsögn sem gæti vitnað um hve lítið þessi, sem annar menningararfur, er í daglegri umræðu. Fólk veit fátt um það sem lítið er rætt. Jafnmargir af báðum kynjum (mynd 107), eða 35%, tóku fram að stjórnámamenn ættu að þekkja gildi torfbygginga og þeir ættu að stuðla að fræðslu og verndun þeirra. Torfhús gætu sem best nýst sem dæmi um sjálfbærni þjóðarinnar fyrrum (myndir 18, 19). Stjórnámamenn ættu að sýna góða fyrirmynd í þessum efnum. 15,5% svarenda, á öllum aldri (mynd 107) sögðust halda að stjórnámamenn annaðhvort skildu ekki gildi menningararfs eins og torfhúsa eða að þeim væri alveg sama um hann (mynd 18, 19). Þeir líti jafnvel á þann arf sem bagga. Í þeim hópi tóku nokkrir fram að stjórnámamenn tengdu torfhús gamaldags viðhorfum og töluðu um „að skriða út úr torfkofanum“, sem væri notað í skætingi um gamaldags, kjánalegt, þröngsýnt viðmót. Þannig tal væri populískt lýðskrum og öfgar sem sýndi skilningsleysi þeirra sem tjáðu sig þannig. Þrettán svarendur nefndu að stjórnámatenging væri helst í gegn um fjárframlög til viðhalds torfhúsanna.

Sp. 2.6 Í hverju felst ferðamátatengt gildi torfhúsa? Nefnið dæmi.

Margvísleg 251 svör komu við þessari spurningu, sem skipt var í fimm meginþemu en eins og sjá má eru tvö þeirra langoftast nefnd.



20 Mynd (20). Gildi torfhúsa fyrir ferðapjónustu. Kynbundið mat.



21 Mynd (21). Gildi torfhúsa fyrir ferðapjónustu. Aldurstengt mat.

Langflestir, eða 75% svarenda, töldu að torfhús væru mikilvæg fyrir ferðapjónustuna, sem táknræn, séreinkenni þjóðarinnar. Þau sýndu gestum landsins, sem og íslenskum ungmennum, framandi lífsmáta, hvaðan við erum sprottin, lífsskilyrði og sjálfbærni. Rúmlega fjórðungur þess hóps sem svaraði þannig voru konur fæddar 1951-1980 (mynd 108). Mjög margir, eða 42%, sögðu að torfhúsin tengdu nútíma og fortíð, mann og náttúru. Nokkrir bentu á að þau minntu á hve gott við hefðum það í dag og nokkrir aðrir að í grunninn ættu torfhús ekki að hafa neitt með ferðamenn að gera, torfbæjarlífið væri ofmetið og ferðapjónusta ylli bara vanda, bæði loftslags- og verndunarlegum.


Fimm svarendur tóku fram að þeir hefðu enga skoðun á þessu efni.

5.3 Varðveisla og nýtingu torfhúsa.


Svör við kafla 3 af 6. Undir hann falla fjórar spurningar, 3,1 – 3,4.

Sp. 3.1 Hvað finnst þér um hvernig torfhús eru nýtt í þágu ferðamanna í dag?

Þessari fyrstu spurningu svöruðu 172.



22 Mynd (22). Varðveisla og nýting torfhúsa í þágu ferðamanna. Kynbundið mat.




23 Mynd (23). Varðveisla og nýting torfhúsa í þágu ferðamanna. Aldurstengt mat.

Ríflega 34% svarenda voru sammála um að torfhús væru vel eða viðunandi nýtt í dag og 8% þeirra voru á því að það mætti nýta fleiri torfbyggingar fyrir ferðamenn. Bæta ætti aðgengi að þeim og vanda kynninguna. Torfhús ætti að markaðssetja með skýrari hætti en gert er. Allmargir, 12%, sögðu að nýting þeirra yrði að byggjast á trausti um upprunaleika og þekkingu og að ánægjulegt væri að sjá vel viðhaldin torfhús (myndir 22, 23). Aðeins færri sögðust enga skoðun hafa á þessu og sautján manns spurðu á móti hvort það þyrfti endilega að nýta þau?


Sp. 3.2 Gætu torfhús nýst með öðrum hætti eða betur en þau gera í dag? Hvað er hægt að gera til að bæta úr þessu og hvað ekki? Hvað stendur helst í vegi fyrir breytingum?

Við þessum spurningum komu 131 svör, sem kröfðust þess að vera skipt í sex meginþemu.



24 Mynd (24). Annarskonar varðveisla og nýting. Kynbundið mat.

Fólk af báðum kynjum, samtals 22,5% svarenda, bentu á að byggja mætti torfhús sem fólk gæti notað að vild og nefndu margskonar möguleika: sumar- og gistihús, kvikmyndasýningahús, kaffistofur, hús fyrir fræðslu- og handverkshátíðir, fundahöld og til gistingu.




25 Mynd (25). Annarskonar varðveisla og nýting. Aldurstengt mat.


Nokkrir svarenda, 11%, tjáðu sig ekki um annarskonar nýtingu á torfhúsum en nú er en nokkrir aðrir bentu á að torfhús væru kjörin til að nota t.d. í meðferð á elliglapasjúklingum. Aðrir nokkrir sögðu að hægt væri að nota þau sem vettvang í námi og rannsóknum og nefndu sumir sérstaklega hve mikilvæg torfhús væru fyrir fornleifafræðinema. Ýmsir (mynd 24, 25) sögðust vilja sjá betur staðið að viðhaldi þeirra húsa sem þegar hefur verið ákveðið að varðveita. Íslendingar væru sjálfir helsta fyrirstaða þess að torfhús væru betur nýtt í þágu ferðaþjónustunnar (mynd 26). Sex vildu sjá heimilishaldi gert hærra undir höfði í sýningahaldi í torfhúsum og jafnargir að það mætti vel nýta torfhús sem kaldar geymslur, skýli fyrir útigang eða gripahús.

Sp. 3.3 Hvort ætti að varðveita fleiri eða færri torfhús en gert er? Ef fleiri, hvers vegna og þá hvernig hús (bæjarhús t.d.)? Ef nei, hvers vegna ekki?

Alls komu 204 svör við þessum spurningum.



26 Mynd (26). Varðveisla fleiri torfhúsa. Kynbundið mat.




27 Mynd (27). Varðveisla fleiri torfhúsa. Aldurstengt mat.


Samtals 58% svarenda sögðust vilja að varveittar væru allar gerðir torfhúsa (stórbýli, kotbæir, búpeningshús) og torfbæjaheildir (myndir 26, 26, 110). Tíu svarendur höfðu ekki skoðun á því hvort ætti að varðveira fleiri torfhús en gert er (mynd 27). Nokkrir bentu á að setja ætti upp torfhúsasöfn (útisöfn) og 22,5% vildu að varðveitt væru fleiri hús til að viðhalda verkþekkingunni á bak við þau (mynd 26). Sautján manns sögðu torfhúsin mikilvæg þar sem þau gæfu einstæða upplifun. Sextán vildu ekki varðveita fleiri torfhús en gert er. Fremur ætti að viðhalda þeim vel sem fyrir eru.

Sp. 3.4 Ef áhugi væri fyrir að fjölga vernduðum torfhúsum og nýta þau, hver ætti að bera kostnað af viðgerð og verndun þeirra að þínu mati (sveitarfélög, ríkið t.d.)?

Spurningunni svöruðu 163 og var svörum skipt í fimm meginþemu.



28 Mynd (28). Hver á að bera kostnað af torfhúsum? Kynbundið mat.



29 Mynd (29). Hver á að bera kostnað af torfhúsum? Aldurstengt mat.

Mjög margir svarenda, eða 41%, sögðu að kostnað af viðhaldi torfhúsa ætti að hafa blandaðan, eða Sameiginlegan, þannig að honum væri skipt á milli ríkis, sveitarfélaga og þeirra aðila sem vildu hafa hag af þeim eða vernda. Hvert tilfelli þyrfti sína ráðstöfun og að sjálfbóðaliðar og áhugamannafélög ættu að taka á sig kostnað eftir atvikum. Allmargir (29 manns) sögðu að ríkið ætti að bera allan kostnað af varðveislu torfhúsa sem teldust þjóðargersemar. Tuttugu sögðu að þeir sem ætli að nýta torfhús ættu að kosta viðhald þeirra sjálfir, með aðgangseyri. Aðrir tuttugu sögðust vilja sjá aðra skattaumgjörð um notendur og byggjendur (handverk) torfhúsa en það sem nú tíðkast og að komið yrði á sérstökum styrktarsjóði til viðhalds torfhúsa.


5.4 Aldursmunur og eftirgerðir. Staða torf- og grjóthleðslupekkingar.

Svör við spurningum í kafla 4 af 6. Undir kaflann falla fjögur svör, 4,1 – 4,4.


Sp. 4.1 Er mikill munur á torfhúsum eftir því hvenær þau voru byggð, á 19. öld eða þeirri 20?

Hvernig lýsir sá munur sér helst, ef einhver er?

Við þessum spurningum komu 125 svör, sem skipt var niður í fimm meginþemu.




30 Mynd (30). Aldursmunur og eftirgerðir. Kynbundið mat.



Af þeim sem svöruðu sögðust 23% ekki þekkja nógu vel til eftirgerða eða aldurs torfbygginga til að hafa skoðun á þessum atriðum (mynd 30) og 75 manns kusu að leiða spurninguna hjá sér, sem þýðir væntanlega að um 60% svarenda annaðhvort töldu sig ekki þekkja nógu vel til aldursmunar á torfhúsum eða eftirgerða þeirra eða að þeir vildu ekki taka afstöðu til

málsins. Margir sögðu að munurinn á 19. og 20. aldar húsum hefði legið í byggingarefnunum en nokkrir að hann hefði fremur hafa legið í efnahag eigendanna (mynd 30).




31 Mynd (31). Aldursmunur og eftirgerðir. Aldurstengt mat.


Stór hópurs svarenda, 41%, sögðu að munur á torfhúsum eftir aldri (19. öld eða 20. öld) hefði legið bæði í byggingarefnunum og útlitinu, þegar bætt var við þau steypu, járn, blikki, o.fl. eftir því sem þótti hægt og nýjar innréttingar urðu áberandi. Nokkrir, 10%, sögðu að torfhús hefðu verið eilíf að því leyti að alltaf var hlaðið í bilað þannig að þau voru alltaf eins. Tólf manns, á öllum aldri (mynd 32), sögðu að mismunur hefði verið einhver en fannst hann ekki skipta máli.

Sp. 4.2 Finnst þér eftirgerðir torfhúsa vera frábrugðnar gömlu torfhúsunum? Hver er munurinn að þínu mati?

Hér svöruðu 118 manns og svörum var skipt í fjögur meginþemu.




32 Mynd (32). Kynbundið mat á aldursmun og eftirgerðum torfhúsa.



33 Mynd (33). Aldurstent mat á aldursmun og eftirgerðurm torfhúsa.


Fjórðungur svarenda (50 manns) sögðu að eftirgerðir torfhúsa væru sjaldan alveg eins og upphaflegu húsin og oft væri sveigt of mikið að nútímanum (mynd 32). Ellefu manns sögðu mikilvægast að skýrt væri að um eftirgerð væri að ræða. Sextán manns tóku fram að sumar eftirgerðir væru of rómantískar, jafnvel vandræðalegar. Í þeim hópi voru flestir fæddir á tímabilinu 1951-1980 (mynd 33). Margir, 21%, sögðust ekki geta lagt mat á eftirgerðir torfhúsa eða gildi þeirra vegna vankunnáttu og hlutfallslega svöruðu flestir úr yngsta hópnum (mynd 33) spurningunni þannig, sem á ekki að koma á óvart miðað við hve margir fæddir á árabílinu 1931-1950 segjast hvorki þekkja til torfhúsa eða vera fær um að meta eftirgerðir. Staða sem gefur til kynna að hluti þjóðarinnar þekkir svo




lítið til torfhúsa að færri en fleiri hafa tök á að útskýra tilurð þeirra eða viðhaldspörf. Sú (van)þekking getur haft hamlandi áhrif á möguleika til nýtingar og verndunar þessa minjarfs. Á myndinni hér til hliðar (t.v.) eru svörin miðuð við alla 200 svarendurna sem tóku þátt í rannsókninni. Bæði þá 118 sem svöruðu og þá 82 sem kusu að svara ekki spurningunni.

Sp.4.3 Þekkir þú einhverja sem kunna handtök við torf- og grjóthleðslu? Ef svarið er jákvætt, hve margir voru þeir á að giska fyrir 25 árum? En í dag?

Samtals komu 183 svör við spurningunni og þeim var skipt í fimm meginþemu.



34 Mynd (34). Staða torf- og grjóthleðslukunnáttu. Kynbundið mat.




35 Mynd (35). Staða torf- og grjóthleðslukunnáttu. Aldurstengt mat.


Samtals 38% heimildamanna (mynd 34) könnuðust við eða þekktu einhverja sem kunna torf- og grjóthleðslu en 42% þekktu engan sem kann það. Allmargir sögðust þekkja hleðslumann/-menn í eigin persónu og í þeim hóp voru nokkrir sem sögðust sjálf kunna að hlaða úr torfi og grjóti.

Sp. 4.4 Hver heldur þú að staðan verði eftir 25 ár?


Um helmingur þátttakenda (97 manns) svaraði spurningunni og var svörunum skipt í þrennt.



36 Mynd (36). Staða þekkingar til framtíðar litið?



37 Mynd (37). Staða þekkingar til framtíðar litið. Kynbundið mat.



38 Mynd (38). Staða torf- og grjóthleðsluþekkingar. Aldurstengt mat. 97 þátttakenda.

Nær 29% svarenda sögðu mikilvægt að torf- og grjóthleðsluþekkingin hverfi ekki (mynd 38).


Nokkuð margir, 19,5%, voru bjartsýn á að staðan myndi ekki versna. Sumir svarendur tóku fram að þau vissu að hægt væri að fara á torf- og grjóthleðslunámskeið og sögðust vona að svo yrði áfram.

5.5 Síðasta skeið torfhúsanna.


Svör við kafla 5 af 6. Eitt svar.

Sp.5 Hvaða gildi finnst þér að hús af síðasta skeiði torfbygginga hafi? Ætti að varðveita þau og ef svo er, hvers vegna?

Við þessum spurningum komu 123 svör, sem skipt var í fernt og var eitt þemað oftast nefnt.




39 Mynd (39). Síðasta skeið torfhúsa. Kynbundið mat.



40 Mynd (40). Síðasta skeið torfhúsa. Aldursbundið mat um hvað skal varðveita.

Nokkuð er til af byggingum sem kalla má síðasta stig torfhúsa, þar sem blandað er saman hefðbundunum og nýjum byggingarefnum (torfi, bárujárni og steypu t.d.) og var áhugavert að sjá að þátttakendur töldu afar mikilvægt að varðveita þau (mynd 39, 40).




41 Mynd (41). Mat á yngstu gerðum torfhúsa. Miðast við 132 svör.

Helmingur svarenda (100 manns) sögðust vilja sjá allar tegundir torfhúsa varðveittar, líka með blönduðum efnum. Það væru byggingarsögulega mikilvæg hús (mynd 42). Tíu höfðu enga skoðun á þessu eða töldu þetta ekki skipta máli. Sjö sögðu að það ætti að leyfa meiri aðlögun, breytingar á torfhúsum en sex sögðu „varla aðkallandi að varðveita þau“ og það ætti alls ekki fjölga þeim.

5.6 Upplýsingar um torfhús.

Í lok spurningaskrár var óskað eftir því að heimildamenn nefndu öll þau torfhús sem þeim væri kunnugt um og hvar þau væru staðsett á landinu (bæjarheiti). Hvaða nöfn þau bæru (sérheiti) og hvers konar hleðslur væru í þeim og viðbótarefni, ef einhver væru. Var sérstaklega tekið fram að ekki væri verið að fiska eftir torfhúsum í húsasafni ÞMS. Svör bárust við þeirri spurningu verða send samstarfsaðilum, Minjastofnun og Þjóðminjasafni Íslands.

Nokkrum svarendum var mjög í mun að benda á hvað betur mætti fara í varðveislu torfhúsa og hvernig best væri að haga því.



42 Mynd (42). Ábendingar um vinnulag við mat á torfhúsum.

Tæpur fjórðungur svarenda (23 einstaklingar) vildu að sett væri fram áætlun um verndun torfhúsa út frá heildarskráningu. Legga síðan mat á mikilvægi húsanna og forgangsraða viðhaldi eftir því. Nokkri tóku fram að það mat yrði að vera opinbert þannig að fólk áttaði sig á í hverju matið felst og eftir hverju væri farið.




43 Mynd (43). Brattahlíð í Svartárdal. Ljósm.SS.

Á síðustu árum búsetu í Bröttuhlíð voru bæjarhúsin þar klædd að hluta til með bárujárni, sem entist lengur en torfið. Galli við bárujárnsklæðningar var að þær veittu enga einangrun og ef veggir voru ekki einangraðir með torfi eða öðru einangrandi efni, á milli þilja, var ekkert unnið við þær nýjungar nema að efnisendingin var lengri. Bárujárns- og viðarklæddir veggir voru oft einangraðir með torfi, sem var smeygt vel þurru á milli þilja, inn í og á milli grindarviða. Á eldri húsum voru standandi eða liggjandi viðarklæðningar á slagpilum. Veggir voru oft klæddir með panel (timbri) eða plötum (úr krossviði, masónít, o.fl.) að innan og með bárujárnsplötum að utan.

Síðasta aðgerð, við að troða í göt á þessum bæ (torfhúsum), var að nota plast, svo sem sjá má á gafhlaðinu næst bárujárnsviðbyggingunni. Fólk virðist hafa notaði öll þau efni sem tiltæk voru og gagn var í til að troða í göt og gáttir.

6 Viðhorf minjaráðsfulltrúa – úrvinnsla

Landinu er skipt í minjasvæði og eru minjaráð, skipuð fimm fulltrúum með jafnmörgum varamönnum, á hverju svæði.¹⁹ Nýjum fulltrúum er skipað í minjaráðin á fjögurra ára fresti og voru ný ráð að hefja störf árið 2019. Minjaráðum er ætlað að fjalla um menningarminjar, varðveislu þeirra og nýtingu í þágu samfélagsins og koma með tillögur um verndun, miðlun, rannsóknir og nýtingu minja á sínum minjasvæðum. Heimamenn eiga að geta snúið sér til fulltrúa minjaráðanna með spurningar og athugasemdir. Minjastofnun kynnir minjaráðin í héraði og tryggir að störf þeirra séu



44 Mynd (44). Svarhlutfall minjaráðsfulltrúa.

samræmd á landsvísu.²⁰ Í ljósi verkefnanna og þess að minjaráðsfulltrúarnir voru nýlega tilnefndir til setu í minjaráðunum var upplagt að spyrja um viðhorf þeirra til torfhúsa. Sendir voru spurningalistar til 47 minjaráðsfulltrúa í júlí 2019.²¹ Í október höfðu 17 fulltrúanna svarað og byggist úrvinnslan hér á þeim svörum, níu karlar og átta konur.

Minjaráðsfulltrúarnir fengu sömu spurningar og heimildamenn Þjóðháttasafns til viðbótar nokkrum. Þeir einnig beðnir um að benda á torfhús á sínu svæði og hvort þeir teldu möguleika á að nýta þau. Svörin eru unnin út frá sömu megin þemum eins og svör heimildamanna Þjóðháttasafns og skoðað hvort munur er á skoðunum á milli kynja. Vegna smæðar hópsins var aldurstengingunni sleppt. Við fyrstu þremur spurningunum gat hver einstaklingur gefð eitt svar en frá og með fjórðu spurningu var hægt að gefa mörg svör. Þemun skiptast í: eigin reynslu, spurningar 1-4, gildi torfhúsa, spurningar 5-11, varðveislu og nýtingu torfhúsa, spurningar 12-16, um aldursmun og eftirgerðir, spurningar 17-19 og síðasta skeið torfhúsa, spurningu 20.

¹⁹ Minjastofnun Íslands á <http://www.minjastofnun.is/um-stofnunina/starfsstodvar/>. Sótt 12.12.2019. *Lög um menningarminjar* 140/2012. Gr. 10.

²⁰ Stefna Minjastofnunar Íslands 2018-2020 (2018). Bls. 7, 9, 19.


²¹ Spurningaskrár voru senda minjaráðum á Norðurlandi, Austurlandi, Suðurlandi, Reykjanesi og Vesturlandi.

6.1 Eigin reynsla.

Fjögur svör, 1-4.

Sp.1 Þekkir þú torfhús af eigin raun? Ef svo er, með hvaða hætti?


Sp.2. Um það bil hve oft hefur þú komið í torfhús?



45 Mynd (45). Hvernig þekkirðu torfhús? Kynbundin svör Minjaráðsfulltrúa.

46 Mynd (46). Hve oft hefurðu komið í torfhús?

Sp.3. Hve langt er síðan þú komst seinast í þannig hús?



47 Mynd (47). Hve langt er síðan þú komst í torfhús?

Langflestir svarendur eða 82% sögðu að innan við ár væri síðan þeir hefðu komið í torfhús, sem hlýtur að vitna um töluverðan áhuga þeirra á umfjöllunarefninu.

Sp.4 Þekkir þú afstöðu eigenda torfhúsa til að leyfa notkun þeirra fyrir ferðapjónustu?




48 Mynd (48). Afstaða torfhúsaeygenda til nýtingar þeirra.

Sjö minjaráðsfulltrúar sögðust þekkja vernduð torfhús og fimm höfðu persónulega reynslu af þeim (mynd 47). Jafn margir þekktu skepnuhald í húsum úr torfi og grjóti. Prentán fulltrúanna höfðu komið óteljandi sinnum í torfhús og þrír sögðust koma í slík hús einu sinni til þrisvar á ári. Tveir sögðu að fimm til fimmtán ár væru síðan þeir skoðuðu torfhús og einn fór sjaldnar enda sagðist sá engan áhuga hafa á þeim. Fjórtán fulltrúar sögðu innan við ár vera frá því þeir komu síðast í torfhús (mynd 50). Jafnmargir sögðust ekki þekkja afstöðu annarra torhúsaeygenda en þeirra sem þegar eru opin fyrir ferðamenn (mynd 48). Fjórir töldu afstöðu torfhúsaeygenda til nýtingar á þannig húsum jafn misjafna og eigendur húsanna. Sex töldu þá yfirleitt vera hlynnta nýtingu á þeim í þágu ferðapjónustu. Tveir höfðu ekki velt þessu fyrir sér.

6.2 Gildi torfhúsa.

Sjö svör, 5-11.


Sp.5 Fyrir hvað standa torfhús í þínum huga? Hver er fyrsta hugsun þín þegar þú hugleiðir þetta? Svörum við spurningum 5, 6 og 7 var skipt í fjögur megin þemu.



49 Mynd (49). Fyrir hvað standa torrhús?

Langflestir (52%) nefndu að þeim fyndist torfhús standa fyrir menningarsögu, menningarminjar, arfleifð, sjálfsmýnd, byggingarsögu, verkunnáttu, gamalt verklag og lifandi heimild um líf forfeðranna (mynd 49). Nokkrir nefndu að í þeirra huga stæðu torfhúsin fyrir ótrúlegar samfélagsbreytingar, útsjónarsemi og hugvit og það hve fólk var háð náttúröflunum.


Sp.6 Hvað finnst þér merkilegast og hvað ómerkilegast við torfhús?



50 Mynd (50). Hvað er merkilegast/ómerkilegast við torfhús?

Sextán svarendur (94%) voru sammála um að torfhús sýndu merkilega aðlögun þjóðar að veður- og náttúrufari og notkun á tiltæku, staðbundnu efni, með ótrúlega endingu (mynd 50). Ellefu sögðu að þeim þætti handverkið á bak við þau merkilegt og að þau sýndu merkilega þróun bygginga frá landnámi til nútíma (20. aldar). Tíu (58%) fannst ekkert vera ómerkilegt við torfhús. Fimm nefndu (29%) að þeim þætti merkilegt hvernig fólk gat búið við þær aðstæður sem torfhúsin buðu upp á og töluðu um kulda, raka, barnadauða og vosbúð sem ómerkilegra þætti í tengslum við torfhús en tveir nefndu að þeim þætti ómerkilegast hvernig þau væru látin drabbast niður.


Sp.7 Í hverju felst sögulegt gildi torfhúsa einkum?



51 Mynd (51). Sögulegt gildi.

Fjórtán (82%) sögðu sögulegt gildi torfhúsa felast í nýtingu byggingarefna á borð við torf, grjót og rekavið og byggingargerðinni, þ.e. húsasögu þjóðarinnar. Nokkrum fannst þau standa fyrir daglegt líf fyrri kynslóða, verklag, hugvit og verkkunnáttu á bak við þau (mynd 51) og tveir svarendur nefndu að torfhús væru eitt af séreinkennum Íslands.


Sp. 8 Í hverju felst menntunar- og fræðslugildi þeirra?



52 Mynd (52). Menntunar- og fræðslugildi.

Flestir sögðu að menntunar- og fræðslugildi torfhúsa (mynd 55) væri mikið þar sem þau raungerðu söguna. Þau vitnuðu um daglegt líf sem ekki væri hægt að skynja annarsstaðar. Að fara inn í torfhús væri á við að fara í tímaflakk. Þau bjóða tækifæri til fræðslu um það hvernig fólk aðlagðist náttúrunni og notaði tiltæk efni til bygginga. Margir nefndu að þau dýpki skilning okkar á menningarsögu þjóðarinnar. Auk þess væru þau mikilvæg til greininga í rannsóknum, s.s. á fornleifum og upplagt að nota reglulega viðhaldsþörf við þeirra sem vettvang kennslu gamals handverks (mynd 55).

Sp. 9 Hafa torfhúsin gildi fyrir þjóðerni og sjálfsmynd Íslendinga að þínu mati? Ef svo er, hvers vegna? Ef svarið er neikvætt, hvers vegna ekki?




Mynd 53 Mynd (53). Þjóðernislegt gildi torfhúsa.

Prettán (76%) nefndu að þeim fyndist að torfhús væru órjúfanlegur hluti af sjálfsmýnd þjóðarinnar (mynd 53). Níu sögðu að þessar fortíðarminjar væru svo stór hluti af okkur sem þjóð að við yrðum að halda í þær, hvort sem okkur líkar það eða ekki. Sex nefndu að mögulega mætti nýta þekkingu/skilning forfeðranna á samspili manns og náttúru til að breyta neyslu- og lífnaðarháttum morgundagsins og þrír höfðu áhyggjur af sterkum skoðunum fólks um torfhús, sem sveiflast á milli þess að vilja í aðra röndina útrýma öllum torfhúsum og í hina að varðveita þau öll sem menningararf. Einn nefndi að þegar fólk segði að þau vitnuðu aðeins um vesaldóm og þekkingarskort forfeðranna bæru slík ummæli með sér ósanngirni sem byggðist á skilningsleysi og vanþekkingu ummælanda á þessum byggingararfi.

Þrír fulltrúar töldu torfhús ekki hafa neitt gildi fyrir þjóðernisímynd eða sjálfsmýnd Íslendinga. Ástæður fyrir skoðunum þeirra fólst m.a. í því að þeir töldu að torfhúsaarfurinn stæði fyrir niðurlægingu og einhæfni þjóðar á hjara heimsins.


Sp.10,1 Telur þú að torfhús geti haft gildi á vettvangi stjórnmálanna á einn eða annan hátt?



54 Mynd (54). Stjórnmálalegt gildi.

Sex svarendur sáu ekkert gildi eða tengingu torfhúsa við stjórnmál (mynd 54) en sjö sögðu að stjórnmálaöfl gætu nýtt sér torfhús á pólitískan hátt ef þau vildu það, án þess að útskýra það nánar. Nokkrir sögðu að stjórnmálaöfl hefðu áhrif á hvað hefði gildi fyrir þjóðina og þar með áhrif á afdrif torfhúsa og að mögulega þyrfti afskipti stjórnmálamanna til þess að menningarverðmæti á borð við torfhús verði varðveitt (mynd 54).


Sp. 10,2 Hvernig eru pólitísk afskipti, ef svo er?



55 Mynd (55). Hvernig lýsa sér pólitísk afskipti af torfhúsum?

Um það hvernig afskipti stjórnámamanna lýstu sér eða gætu verið sögðu fimm að stjórnámamenn ættu að nýta sér þau sem ómetanlegan menningararf. Aðrir nefndu að fjármunir til viðhalds torfhúsa væru allt of litlir, að stjórnámamenn gætu auðveldlega talað torfhúsin niður með því að draga þau fram sem tákn fátæktar og einhæfni á meðan sögu- og varðveislusinnaðir stjórnámamenn skori hátt hjá fólki sömu skoðunar (mynd 55).

Sp.11 Í hverju felst ferðamálatengt gildi torfhúsa? Nefnið dæmi.




56 Mynd (56). Ferðamálatengt gildi torfhúsa og möguleikar.

Margt kom fram um ferðamálatengt gildi torfhúsa (mynd 60). Meiri hluti svarenda sagði að torfhúsin gæfu fjölda tækifæra í ferðaþjónustu en að fólk vildi að þau væru ekta, ekki eftirgerðir og bentu á að þar sem þau væru notuð fyrir safnsýningar væru þau vel nýtt sem afþreying og hefðu jákvæð áhrif á nærsamfélagið. Þann þátt mætti efla. Sjö vildu að unnið væri með þá staðreynd að

torfhúsin voru hluti af samspili manns og náttúru, að byggingarefnið er sjálfbært og fengið úr næsta nágrenni húsanna. Samhljóma þeim voru sex svör um að áhugi á sögutengdri ferðabjónustu fari vaxandi og að íslenskir ferðamenn vilji heimsækja sína eigin sögustaði og líta á torfbæi sem slíka. Þá voru nokkrir á því að nýta ætti fleiri torfhús til að dreifa álagi á fjölsótt torfhús eins og suma torfbæina í húsasafni Þjóðminjasafnsins sem eru opnir fyrir gesti. Um leið og farið væri að nýta þau fyrir ferðamenn skapist möguleiki til að varðveita þau (mynd 56).

6.3 Varðveisla og nýting torfhúsa.

Sp.12 Hefur þú skoðun á því hvernig torfhús eru í dag nýtt í þágu menningartengdrar ferðabjónustu?




57 Mynd (57). Nýting torfhúsa í ferðabjónustu.

Hér kemur fram mikilvægi þess að varðveita sanngildi (e. authentic) torfhúsa.

Sp.13.1 Gætu torfhús nýst með öðrum hætti eða betur en þau gera í dag?


Spurningin var í þremur liðum og er svörun skip samkvæmt þeim.



58 Mynd (58). Möguleg nýting torfhúsa með öðrum hætti en gert er.

Tveir nefndu að það ætti að varðveita og nýta allar gerðir torfhúsa, ekki bara finni híbýlin. Hugmyndir um betri eða aðra nýtingu torfhúsa en gert er í dag kom fram í sjö megin atriðum (mynd 58). Einn sagði að torfhús væru liðin tíð en fjórir vildu nýta þau fyrir lifandi sögusýningar með leiðsögnum, tveir töldu þau upplögð sem áningarstaði eða fuglaskoðunarhús og enn aðrir sem vettvang fyrir handverksnám. Sex nefndu að þau mætti nota til gistinga og veitinga.


Sp.13.2 Væri hægt að bæta nýtingu torfhúsa?



59 Mynd (59). Betri nýting - hugmyndir.

Sex fulltrúar töldu að nýting torfhúsa yrði meiri ef hægt væri að bæta hollustuhætti, burðarþol og brunavarnir í þeim og leyfa ætti fólki að dvelja í þeim.


Sp.13.3 Hvað stendur helst í vegi fyrir breytingum?



60 Mynd (60). Fyrirstöður breyttrar notkunar torfhúsa.

Takmarkaðir möguleikar til að nýta torfhús voru helsti þrándur í götu fjármöglunar að mati sjö minjaráðsfulltrúa. Tveir til viðbótar voru á sömu skoðun en nefndu sérstaklega viðhaldskostnað húsanna og kostnað sem verður vegna breyttrar notkunar. Fjórir nefndu reglugerðafargan, tveir eigendavandamál og aðrir tveir byrjunarörðugleika. Þrír höfðu enga skoðun á þessu (mynd 60).


Sp.14,1 og 2 Hvort ætti að varðveita fleiri eða færri torfhús en gert er? Ef fleiri, hvers vegna og þá hvernig hús (bæjarhús t.d.)? Ef nei, hvers vegna ekki?



61 Mynd (61). Á að varðveita fleiri torfhús?

Flestir voru sammála um að varðveita ætti fleiri húsgerðir, kotbæi jafnt sem betri bæi og búpeningshús. Nefnt var að varðveita ætti fleiri torfhús en nú er gert og hafa þau aðgengileg í öllum landshlutum, í þeim tilgangi að dreifa álagi á milli þeirra. Tveir karlar sem svöruðu spurningunni neikvætt sögðu: a) að staðan væri fín eins og hún er og b) að allt of mikill viðhaldskostnaður væri við torfhúsin miðað við tekjur af þeim. Ein kona svaraði spurningunni neikvætt, að það ætti ekki að fjölga þeim en hugsa ætti betur um þau sem þegar eru varðveitt.

Sp.15 Ef áhugi væri fyrir að fjölga vernduðum torfhúsum og nýta þau, hver ætti að bera kostnað af viðgerð og verndun torfhúsa að þínu mati (sveitarfélög, ríkið, aðrir t.d.)?




62 Mynd (62). Hver á að bera kostnað af torfhúsum?

Ellefu svarendum (64%) fannst að ríkið ætti að kosta varðveislu og viðhald húsa með mikið sögu- eða byggingarlegt gildi. Sex að kostnaðaraðildin ætti að fara eftir eðli húsanna og jafnmargir að

kostnaðurinn ætti að vera blandaður. Nokkrir nefndu að efla ætti Húsafriðunarsjóð og að kostnaðarliðin væri í skýrum farvegi og hver bæri ábyrgð gagnvart hverju. Eðlilegt væri að húseigendur bæru kostnað af eignum sínum en þeir yrðu að geta leitað fjárhagslegrar aðstoðar.

6.3,5 Sp.16 Hefur þú skoðun á því hvernig torfhús standa gagnvart minjaverndarlögum?




63 Mynd (63). Staða torfhúsa gagnvart menningarminjalögum?

Stór hluti minjaráðsfulltrúa (47%) töldu sig ekki getað svarað spurningu um það hvernig torfhús standa gagnvart minjaverndarlögum. Þeir sögðust enga skoðun hafa á því eða að þeir þekktu ekki nógu vel til minjaverndarlaga til að hafa skoðun (mynd 63). Þarna gætir vafalaust þess að þeir fulltrúar sem fengu spurningalistana voru nýlega kallaðir til setu í minjaráðunum og ekki búnir að kynna sér þann lagagrunn sem þeir þurfa að hafa hliðsjón af og fara að vinna með og í ráðunum. Sjö töldu stöðuna vera í lagi en efla þyrfti viðhaldssjóði torfhúsanna og að með kröfu um varðveislu ætti að fylgja fjármagn frá ríkinu. Hvetja ætti til varðveislu torfhúsa en það ætti ekki að taka ráðin af húseigendum. Tveir sögðust þekkja löginn lítillega s.s. 100 ára regluna um hús og húsaleifar. Aðrir tveir sögðust þekkja löginn vel og að þar mætti margt betur fara. Taka mætti enn betur utan um þennan málaflokk og það ætti að vera óheimilt að jafna torfhús við jörðu nema að undangengu mati á þeim.

6.4 Aldursmunur, eftirgerðir og staða handverksþekkingar.

Þrjú svör, 17-19. Nítjándi svarið er í þremur liðum.


Sp.17 Er munur á torfhúsum eftir því hvenær þau voru byggð, svo sem á 19. öld, eða á 20. öld? Hvernig lýsir sá munur sér helst, ef svo er?



64 Mynd (64). Aldursmunur og eftirgerðir torfhúsa.

Fimm minjaráðsfulltrúar fullyrtu að öll torfhús væru jafn merkileg, breytt eða óbreytt (þróun) og bentu á að ýmsar eftirgerðir væru vel gerðar. Nokkrir sögðu að flestar eftirgerðir byggðu á getgátum og væru of einsleitar en jafnmargir sögðu að eftirgerðir ættu fullkominn rétt á sér. Þá bentu nokkrir á að menn beittu bæði gömlum og nýjum aðferðum í bland en fannst að eftirgerðir bygginga ættu að fylgja gömlum byggingarhefðum.

Sp.18 Finnst þér eftirgerðir torfhúsa vera frábrugðnar gömlu torfhúsunum? Hver er munurinn að þínu mati?




65 Mynd (65). eru eftirgerðir alltaf alveg eins og fyrirmyndnar?

Tæplega helmingur minjaráðsfulltrúanna treystu sér ekki til að svara spurningum um mismun á torfhúsum eftir aldri eða eftirgerðum og sögðust ekki þekkja nógu vel til málaflokksins (myndir 68, 69, 70). Tveir sögðu að efnahagur eigandans hefði haft mest áhrif á mismun torfhúsa og fimm töldu hann hafa tengst tíma og landshlutum. Sex fulltrúanna tóku fram að torfhúsin hefðu þróast eftir tíðaranda og ný byggingarefni hefðu verið notuð með, eftir því sem mögulegt var.

Sömu fulltrúar og treystu sér ekki til að svara sp.19,2 sögðust ekki hafa næga yfirsýn yfir málaflokkinn og þar af leiðandi ekki skoðun á því hvort nýjar eftirgerðir torfhúsa væru frábrugðnar gömlu torfhúsunum og (mynd 71).


Sp.19,1 Þekkir þú einhverja sem kunna handtök við torf- og grjóthleðslu?

Spurningunni var skipt í þrennt til að betur væri hægt að greina efnið.




66 Mynd (66). Þekkirðu fólk sem kann torf-og grjóthleðslu?

Sp.19,2 Ef svarið er jákvætt, hve margir voru þeir á að giska fyrir 25 árum? En í dag?



67 Mynd (67). Staða torf- og grjóthleðsluþekkingar.

Sp.19,3 Hver heldur þú að staðan gæti verið eftir 25 ár?



68 Mynd (68). Framtíð handverksþekkingar að mati minjaráðsfulltrúa.


Meiri hluti fulltrúa sagðist þekja einhverja sem kunna að hlaða úr torfi og grjóti en sex sögðust ekki kannast við neina sem kunna það (mynd 66). Fjórir fulltrúar töldu að kunnáttufólk í torf- og grjóthleðslu hefðu verið færri fyrir 25 árun en í dag. Tíu fulltrúar sögðust ekki hafa forsendur til að meta þetta (mynd 67) og fimm voru vissir um að kunnáttufólki í torf- og grjóthleðslu muni fækka á næstu 25 árum (mynd 68). Jafnmargir töldu þetta óvíst, hvetja þyrfti til þess að þekkingunni verði viðhaldið. Fjórir svöruðu spurningunni ekki.

6.5 Síðasta skeið torfhúsanna.

Eitt svar í tveimur liðum.

20.1 Nokkuð er til af byggingum sem kalla má síðasta stig torfhúsa, þar sem blandað er saman hefðbundnum og nýjum byggingarefnum (torfi, bárujárnri og steypu t.d.). Hvaða gildi finnst þér að þessi hús hafi?

6.5,1 Sp.20.2 Ætti að varðveita þau og ef svo er, hvers vegna?



69 Mynd (69). Til vinstri. Gildi síðustu gerða torfhúsa.

70 Mynd (70). Til hægri. Gildi torfhús. Á að varðveita þau?

Sextán fulltrúanna töldu að gildi torfhúsa færi vaxandi og ykist eftir því sem árin líða (mynd 73). Einn svaraði ekki. Níu töldu nauðsynlegt að einhver torfhús af yngsta stigi þeirra, þegar blandað var saman hefðbundnum og nýjum byggingarefnum, yrði að varðveita og þrír tóku fram að þau tengdu byggingarform fortíðar og nútíma og sýndu hvert aðgengið var að nýjum efnum og hvernig þau voru nýtt. Þannig væri hægt að spá í þróunina og hvers vegna menn réðust í breytingar. Byggingar úr blönduðum byggingarefnum væru þess vegna mikilvægar (mynd 70).

Þrír minjaráðsfulltrúar bentu á að nauðsynlegt væri að vinna að heildarúttekt á torfhúsum á landsvísu og laga og einn tók fram að varðveita ætti þau torfhús sem hafa sérstaklega mikið gildi og eru ekki enn komin í húsasafn Þjóðminjasafnsins.

6.6 Upplýsingar um torfhús.

Undir þessum lið var þátttakandi beðinn um að nefna öll torfhús sem honum væri kunnugt um og hvar þau væru staðsett á landinu (bæjarheiti, sérheiti). Einnig hvers konar hleðslur væru í þeim, ásamt nútíma viðbótarefnum, ef væru.

Á fimmta tug ábendinga komu um torfhús og torfhúsaleifar, einkum austan lands og sunnan. Nokkur voru nefnd oft en enginn svarenda lýsti hleðslugerðum húsa eða viðbótarefnum í þeim.



71 Mynd (71). Framhús torfbæjarins á Tyrfingsstöðum. Ljósmynd. IKDM.


Tyrfingsstaðir eru á Kjálka í Skagafirði. Torfbærinn þar er samstæða sex húsa. Framhúsið, sem hér sést, með timburklæddri hlið fram á hlað, skiptist í þrennt, skála, forstofu (bæjardyr) og stofu. Frá forstofunni (bæjardyrnum) liggja göng inn að baðstofu, tveimur búrum og hlóðældhúsi (annað búið var síðast notað sem kálfahús). Við fjærsta enda ganganna var innangengt í fjós. Á því voru einnig útidyr. Búið var í þessum bæ til ársins 1969. Þrátt fyrir það hafði fáum nútímaefnum verið bætti við hann. Eina nútímaefnið voru masónítplötur sem baðstofan var klædd með um 1960. Þá var henni skipt í þrennt, eldhús með eldavél var sett í miðja baðstofuna og herbergi innréttuð til beggja enda og allt málað í hólf og gólf. Tyrfingsstaðir voru í eyði fram á 21. öldina er jörðin komst aftur í ábúð og nú er búið að gera við flest öll gömlu húsin þar og fjárhús og hesthús eru aftur komin í notkun.

7 Viðhorf ferðamanna.

Hér eru tekin saman svör viðmælanda sem voru teknir tali, annarsvegar á vettvangi og hinsvegar á ferðalagi um Norðurland. Erlendir ferðamenn voru spurðir á ensku.

7.1 Mat vegfarenda á Norðurlandi.

Elísabet Ögn Jóhannsdóttir, starfsmaður Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála, spurði 34 erlenda ferðamenn, sem staddir voru hér og hvar á Norðurlandi, nokkurra spurninga um torfhús. Ferðamönnum voru sýndar myndir af torfhúsum og þeir spurðir út frá þeim. Staðsetningarnar voru: við Hvítserk í Húnaþingi vestra, í bakaríinu á Sauðárkróki og í bakaríinu og ísbúðinni á Húsavík, í Gljúfrastofu í Ásbyrgi, á tjaldsvæðinu á Kópaskeri, í bíl milli Húsavíkur og Akureyrar og í Listigarðinum á Akureyri.




72 Mynd (72). Áhugi á torfhúsum. Ýmsir vegfarendur.

Viðmælendum voru sýndar myndir af torfhúsum til að útskýra fyrir þeim hvað átt væri við. Þeir voru spurðir hvort þeir: 1) þekktu torfhús, 2) væru forvitnir um þau, 3) hefðu skoðað svona hús og 4) hefðu heyrt um þau?




Torfbærinn á Stóru-Ökrum í Skagafirði var tekinn niður að hluta til um miðja 19. öld. Þá voru hlóðældhús, búr og baðstofa fjarlægð. Eftir standa þrjú hús, bæjardyr og stofa, með göngum á milli. Stofan var notuð fyrir þinghald og hreppsfundi Akrahrepps til 1921. Sumir húsviðir í bæjardyrnum eru frá 18. öld en stofan er 19. aldar hús.

73 Mynd (73). Leifar 18.-19. aldar torfbæjar á Stóru-Ökrum í Blönduhlíð. Ljós SM.




74 Mynd (74). Upplýsingar sem vegfarendur á Norðurlandi höfðu um torfhús.

Sjö af þeim 34 ferðalöngum sem talað var við höfðu ekki skoðað torfhús og sögðu flest ástæðuna vera þá að þau ættu það eftir. Fimm höfðu engan áhuga á þeim og ætluðu ekki að skoða torfhús.



75 Mynd (75). Aldurskipting vegfarenda í viðtölum á vettvangi.



76 Mynd (76). Þjóðerni vegfarenda í viðtölum á vettvangi.

Um leið og fólki var sýnt myndir af torfhúsum var spurt hvað þeim myndist um myndefnið (torfhúsin). Þeir sem höfðu séð torfhús svöruðu af þeirri reynslu, aðrir svöruðu út frá myndefninu.

Svörin við þessari aukaspurningu voru þessi:

- "They fit the landscape" (höfðu ekki skoðað torfhús).
- "It looks interesting. I wonder if the grass grew above it or if they built it inside of the hill or?" (höfðu ekki skoðað torfhús).
- "They also remind us of the hobbit houses from Lord of the rings. I don't know why they make them here and not in other places" (höfðu skoðað torfhús).
- "It's a good method for long time ago to not be too cold" (höfðu skoðað torfhús).
- "Yes it's very different" (höfðu skoðað torfhús).
- "To see the way it was built and the culture" (höfðu skoðað torfhús).
- "It was a very old one we visited and it was old beds, all of wood, sort of history" (höfðu skoðað torfhús).
- "It's some kind of traditional style Iceland life" (höfðu ekki skoðað torfhús).
- "Heritage it was Glaumbær. It was our last highlight" (höfðu skoðað torfhús).
- "Because a lot of people would survive in such a cold environment you know. It's very interesting" (höfðu skoðað torfhús).



77 Mynd (77). Víðimýrarkirkja í Skagafirði. Ljós. SS.


Víðimýrarkirkja var byggð árið 1834. Hún er ein af fallestu byggingum þjóðarinnar frá 19. öld. Bindingsverkshús, sem er þiljað í hól og gólf og með ytri torfveggjum og torfbekju. Slagþil eru með standandi klæðningu, undir- og yfirborðum (d. en þá to) á hvorum gafli. Vindskeiðar eru tvöfaldar og víxlleggjast í toppinn og setja sterkan svip á húsið.

7.2 Mat bæjargesta


Gestir í Nýjabæ á Hólum í Hjaltadal, á Grenjaðarstað í Aðaldal, í Laufási í Höfðahverfi og í Glaumbæ á Langholti voru beðnir um að gefa bæjunum einkunnir á skalanum 1-10 og lýsa með því upplifun sinni af heimsókninni. Um leið voru þeir beðnir um að lýsa henni með þremur til fjórum lýsandi orðum eða hugtökum.

7.2,1 Nýibær á Hólum í Hjaltadal.

Samtals voru 168 manns teknir tali í Nýjabæ. Allir svöruðu spurningum um fræðslugildi og aðdráttarafli en aðeins 156 um minjagildi. Stór hluti viðmælenda þar, 21%, voru Íslendingar.



78 Mynd (78). Einkunnagjöf bæjargesti í Nýjabæ eftir aldri.



79 Mynd (79). Heimsálfutengingar og þjóðerni viðmælenda í Nýjabæ.

Sem sjá má á mynd 82 fékk Nýjabær langoftast átta í einkunn. Þar sem gaf fimm fyrir aðdráttarafl tók fram að þau gæfu þá einkunn vegna þess að þau hefðu komið í Hóla af forvitni, en ekki bara til að sjá Nýjabæ, sem hefði reyndar komið þeim ánægjulega á óvart og hefði hugsanlega einn getað dregið þau þangað ef þau hefðu vitað af honum fyrirfram.


Viðmælendur voru beðnir um að nefna þrjú til fjögur orð til að lýsa bænum eða áhrifum hans á viðkomandi. Orðin eru listuð hér upp í stafrófsröð. Í sviga kemur fram hve oft orðið kom fyrir:

„afi og amma“ (2)	greate (4)
ancient (5)	handmade (1)
anderledes (2)	hard life (7)
attractive (5)	heilsufar (3)
authentic (15)	heimilislegur (5)
ágætur (1)	heritage (49)
beautiful (5)	historic, historical (25)
bemerkenswert (1)	hobbits home (3)
bien (4)	hörð lífsbarátta (1)
big/huge (7)	icelandic (1)
cold (6)	important (21)
complicated (5)	incredible (4)
cool (9)	insulation (1)
cosy (6)	interesting/interessant (15)
crucial (3)	invaluable (2)
cultural (8)	kostnaðarsamur (1)
culture (7)	kulturelle (3)
curiosity (2)	lärorikt (1)
fræðandi (2)	materially unique (1)
cute (3)	menningarlegur (3)
damp (1)	merkilegur (4)
dark inside (1)	mikilvægur (2)
different (15)	minjavernd (4)
dularfullur (2)	minnesvörd (1)
eco friendly (4)	monumental (17)
educational (6)	natural (1)
eftirminnilegur (1)	nature friendly (2)
essential (4)	námsefni (4)
fabulous (8)	neat (2)
fallegur (1)	nice (35)
fínn (2)	nægjusemi (2)
forn (1)	old fashioned/old style (18)
furðulegur (1)	orginal (5)
gagnlegur (3)	ótrúlegur (1)
glæsilegur (1)	poor life (4)
good (very good) (9)	rasenhaus (7)
grandiose (2)	remarkable building (27)


rúmgóður (6)	tradition(al) (1)
sérstakur (2)	unbelievable (3)
shelter (1)	uncomfortable (2)
significant (5)	unique (4)
skemmtilegur (5)	unreal (6)
special (4)	unusual (1)
spectacular (3)	valuable (7)
stórkostlegur (1)	vel viðhaldið (1)
strange (7)	vigtig (3)
surprice (2)	vision (1)
sögulegur (2)	vital (2)
tourism friendly (2)	warm/strangely warm (4)
tourist attraction (3)	wonderful (8)

7.2,2 Laufás í Höfðahverfi.

Samtals voru 61 gestir teknir tali í Laufási. Eins og í Nýjabæ svöruðu allir spurningum um fræðslugildi og aðdráttarafli en aðeins 28 treystu sér til að svara til um minjagildið. Langflestir viðmælenda þar voru Evrópubúar. Þar af voru Þjóðverjar fjölmennastir.



80 Mynd (80). Einkunnagjöf bæjargesta í Laufási.



81 Mynd (81). Þjóðernis- og heimsálfutengingar bæjargesta í Laufási.


Flestir gáfu Laufási einkunnina átta fyrir fræðslugildi og aðdráttarafi, eins og í Nýjabæ, en meirihluti einstaklinga í þeim hóp sem gaf bænum einkunn fyrir minjagildi gáfu honum tíu.

Viðmælandur voru beðnir um að nefna þrjú til fjögur orð til að lýsa bænum eða áhrifum hans á viðkomandi. Orðin eru hér listuð upp í stafrófsröð, í sviga er hve oft orðið kom fyrir:


alltumlykjandi (1)	libenswert (4)
opslugt (1)	heritage (9)
very nice (5)	cultural (2)
interessant/interesting (15)	merkilegur/merkileg bygging (6)
impressive (3)	cosy (8)
authentic (5)	nature connected (2)
historically correct (2)	nægjusemi (3)
dugnaður (1)	óspilltur (2)
typique de l'íslande (2)	special (4)
tough life (4)	sjálfsbjargarviðleitni (3)
fallegur (4)	clever (2)
simple life (2)	big (2)
greate (5)	cute (2)
forn (1)	historical (16)
ancient (4)	turfhouse (3)
educational (2)	stunning (3)
gamall (3)	amazing (5)
old (2)	surprising (7)
good choice (1)	upprunalegur (5)
magnific (2)	well maintained (2)
eye opening (2)	vistvænn (2)
hobbits (2)	eco friendly (5)
betagende (2)	narrow (1)
bescheiden (2)	what a view (1)

7.2,3 Grenjaðarstaður í Aðaldal.

Viðmælendur á Grenjaðarstað voru 54. Hér var ekki spurt um minjagildið. Gestir Grenjaðarstaðar gáfu bænum fleiri tíur en átta, en flestar voru níurnar.



82 Mynd (82). Einkunnagjöf bæjargesta á Grenjaðarstað.




83 Mynd (83). Þjóðernis- og heimsálfutengingar bæjargesta á Grenjaðarstað.

Eins og í Nýjabæ og Laufási voru viðmælendur á Grenjaðarstað beðnir um að nefna þrjú til fjögur orð til að lýsa bænum eða áhrifum hans á viðkomandi. Orðin eru hér listuð upp í stafrófsröð. Í sviga er þess getið hve oft orðið var nefnt:


amazing (11)	historic (2)
awesome (2)	interesting (15)
áhugaverður (3)	magnificent (2)
beautiful (14)	nice (3)
cold (2)	pretty (4)
eco friendly (1)	sehenswert (2)
educating (4)	shocking (2)
fantastic (1)	surprising (4)
gorgeous (2)	tough living (2)
hard life (4)	wonderful (4)

7.2,4 Glaumbær á Langholti.

Viðmælendur í Glaumbæ voru 54. Þeir mátu allir fræðslugildi, minjagildi, aðdráttaraflog gildi handverksþekkingar í torf- og grjóthleðslu, sem liggur að baki viðhaldi bæjarins. Eins og fyrr var miðað við einkunnir á skalanum 1 til 10. Langflestir gáfu heimsókninni 10 í einkunn. Þar af gáfu 76% viðmælenda gildi handverksþekkingar 10 í einkunn.



84 Mynd (84). Einkunnagjöf bægargesta í Glaumbæ.



85 Mynd (85). Þjóðernis- og heimsálfutengingar bægargesta í Glaumbæ.

Viðmælendur voru beðnir um að nefna 3-4 orð til að lýsa bænum eða áhrifum hans á viðkomandi. Orðin eru hér listuð upp í stafrófsröð. Í sviga aftan við hvert orð er sagt hve oft orði kom fyrir:


aðlaðandi/attractive (1)
antique (1)
authentic (2)
áhugaverður (3)
beautiful (3)
bellez (1)
botanical (1)
chaleureux (1)
clean (1)
cold (5)
cool (3)
curioso/curious (4)
dark (1)
education (1)
eye opening (3)
family (1)
fantastic (1)
furnished (2)
good (2)
group spirit (1)
hard life/hardship (10)
hard work (3)
image of old times (1)
impressionable (1)
impressive (4)
insulation/insulated (3)
interesting (8)
natural (2)
old (6)
one piece (2)
past (1)
practical (2)
simple (1)
strange (1)
sögulegur (7)
tradition(al) (5)
unique (3)
warm (7)
wonderful (2)



86 Mynd (86). Glaumbær. Ljósm. SS.

Glaumbær á Langholti í Skagafirði er þrettán húsa samstæða með göngum á milli húsa (gangnabær, burstabær). Hvert hús hefur sitt hlutverk. Baðstofan næst á myndinni, með fimm gluggum, er aðalhúsið (íbúðarhúsið). Þar næst eru bakdyrahús og svefnherbergi. Þá koma þrjú búr og eldhús. Hús í fremstu röðinni eru, talin frá hægri: smíðja þar sem smíðað var úr járni og smíðaverkfæri voru geymd, tvær skemmur þar sem útiverkfæri voru geymd, tvær gestastofur og eldiviðarskemma, þar sem eldiviður var geymdur eins og nafnið bendir til. Húsin er misgömul. Elst er búr frá 18. öld, yngst er gestastofa frá 1879. Í svona stórum torfbæjum var talað um bakhús og framhús. Bakhúsin í Glaumbæ voru baðstofan, bakdyrahúsið (Brandahús) og svefnhús (Gusa). Framhúsin voru eldiviðarskemma, tvær stofur (Báa stofa og Suðurstofa), tvær skemmur og smíðja. Á milli þessara húsa voru þrjú búr og hlóðaeldhúsið. Öll húsin, nema skemmur og smíðja, voru innangeng frá göngum sem lágu á milli bæjardyra (framdyra) og baðstofu.


7.3 Aldur bæjargesta – úrvinnsla.



87 Mynd (87). Aldursskipting allra 338 bæjaviðmælenda.


Langflestir viðmælendur á Grenjaðarstað, í Nýjabæ og Laufási voru á aldrinum 31-60 ára en meirihluti gesta í Glaumbæ var eldri en 61 árs.

7.4 Einkunnagjafir, samanburður milli torfbæja – úrvinnsla.




88 Mynd (88). Aðdráttarafli. Einkunnir fjögurra torfbæja.

Þótt erfitt sé að mæla aðdráttarafli í tölum voru viðbrögð við bón um einkunnagjöf yfirleitt fljót afgreidd. Fólk hafði skoðun á þessu. Oftast var gefin átta fyrir Nýjabæ og Laufás en Grenjaðarstaður og Glaumbær skoruðu hærra og sá síðarnefndi sínu hæst þar sem flestir gáfu honum tíu.



89 Mynd (89). Fræðslugildi. Einkunnir fjögurra torfbæja.

Mat á fræðslugildi miðað við einkunnaskalann 1-10 er ekki síður vandmeðfarið en mat á aðdráttafli. Gestir Nýjabæjar og Laufáss staðsettu fræðslugildið oftast við einkunnina átta, á meðan meirihluti gesta á Grenjaðarstað völdu því einkunnina níu. Glaumbær fékk flestar tíur í einkunn frá sínum gestum, fyrir fræðslugildi.




90 Mynd (90). Minjagildi. Einkunnir fyrir Nýjabæ, Laufás og Glaumbæ.

Margir véku sér undan því að meta minjagildi torfbæjanna og var þeirri spurningu sleppt á Grenjaðarstað. Minjagildiseinkunnir greina Nýjabæ frá Laufási og Glaumbæ gagnvart einkunni 10, sem fáir gáfu Nýjabæ miðað við hina bæina. Skýringarnar eru ekki augljósar. Mögulega felast þær í því að í Laufási og í Glaumbæ eru munasýningar (safnsýningar) frá minjasöfnum (byggðasöfnum) svæðanna og þeir auglýstir sem áhugaverðir sögu- og menningarstaðir. Nýjabær (mynd 94) er lítið auglýstur sem skoðunarverður staður. Nokkrir viðmælenda tóku fram að hann hefði komið þeim á óvart þar sem þeir vissu ekki af honum fyrr en þeir sáu hann þegar þeir komu út úr bílnum.


7.5 Þjóðerni bæjargesta – úrvinnsla.

Flestir viðmælenda voru Þjóðverjar og þarf það ekki að koma á óvart þar sem Þjóðverjar hafa lengi verið þekktir fyrir áhuga sinn á íslenskri menningu. Flestir svarendur voru Þjóðverjar, Íslendingar, Frakkar og Bandaríkjamenn, einnig Kanadabúar, Austurríkismenn, Belgar, Danir og Spánverjar.



91 Mynd (91). Þjóðerni 338 bæjargesta.


7.6 Aðdráttaraflíð – úrvinnsla.



92 Mynd (92). Aðdráttarafl. Hutfall einkunna milli bæja.

Sem sjá má er töluverður munur á einkunnagjöfum fyrir aðdráttarafl á Nýjabæ og í Laufási eða Grenjaðarstað og Glaumbæ. Hlutfall ráðandi einkunna fyrir aðdráttarafl þessara fjögurra torfbæja liggur á bilinu átta til tíu, frá 69% í Nýjabæ til 85% á Grenjaðarstað. Áður var varpað fram þeirri spurningu hvort orðspor gæti haft áhrif á einkunnagjöfina eða hvort kynningarmál gætu sett strik í reikninginn (mynd 92). Þótt varhugavert sé að draga fram fleiri atriði má benda á að bæði í Glaumbæ og á Grenjaðarstað er tekið á móti fólki í bæjunum og þar er fólk sem sinnir gestunum. Nýjabær er opin öllum án aðgangseyris og enginn skiptir sér af gestum þar og í Laufási eru gestir alveg á eigin vegum þegar þeir hafa greitt aðgangseyrinn í öðru húsi.


7.7 Fræðslugildið – úrvinnsla.



93 Mynd (93). Fræðslugildi. Hlutfall einkunna milli bæja.


Samhljómur er um fræðslugildi í Nýjabæ og Laufási, sem fá á milli 31-42% einkunna upp á níu og tíu á móti 58-82% sömu einkunna í Glaumbæ og á Grenjaðarstað. Þar skilur á milli að Glaumbær skorar mjög hátt í tíum og Grenjaðarstaður enn hærra í níum. Þarna gætu sömu áhrifaöflin verið á einkunnagjöfina eins og í mælingum á aðdráttarafli. Persónuleg þjónusta er meiri í bæjunum sjálfum í Grenjaðarstað og Glaumbæ heldur en í Nýjabæ og í Laufási. Sú skýring er sett fram með fyrirvara um að þetta þarf að kanna betur.

7.8 Minjagildið – úrvinnsla.



94 Mynd (94). Minjagildi. Hlutfall einkunna milli þriggja bæja.

Niðurstaða einkunnagjafa um minjagildi torfbæjanna í Glaumbæ, Laufási og Nýjabæ er sú að 50-59% viðmælenda gáfu þeim einkunnir á bilinu níu til tíu og af þessum þremur skorar Laufás hæst með 50% hlutfall einkunnar upp á tíu.




95 Mynd (95). Mikilvægi handverksþekkingar. Hlutfall einkunna.

Gestir í Glaumbæ voru beðnir um að meta gildi handverksþekkingar þeirrar sem torfhús eins og torfbæirnir (þ.m.t. Glaumbær) byggjast á, þ.e. torf- og grjót-hleðslu. Allir viðmælendur þar gerðu það og 76% þeirra gáfu gildi handverksþekkingarinnar tíu í einkunn.

7.9 Upplifunin – úrvinnsla.

Orðin sem oftast voru notuð til að lýsa torfbæjunum eftir heimsókn í þá voru: menningararfur, sögulegur, áhugaverður. Tölur í svigum segja til um hve oft hvert orð kom fyrir: heritage (58), historic/historical (43), nice (43), interessant/interesting (38), remarkable building (27), monumental (17), amazing (16), historic/historical/history (16), hard life (14), culture/cultural (14).



96 Mynd (96). Oftast notuðu orðin til að lýsa upplifun eftir torfbæjarheimsókn.

Fimm oftast notuðu orðin, til að lýsa hverjum stað, gefa til kynna að heimsóknin hafi verið áhrifarík. Orðið *historic* (*sögulegt/sögulegur*) má segja að sé samnefnara þeirra orða sem lýstu upplifuninni. Reyndar skar Grenjaðarstaður sig úr hvað það varðaði. Af 338 svarendurm nefndu 56 þeirra orðið *historic/historical*. Oftast notuðu orðin í Nýjabæ voru *remarkable building* (27 sinnum). Oftast notuðu orðin í Laufási og á Grenjaðarstað voru *interessant, interesting* (15 sinnum á hvorum stað) og oftast notuðu orðin í Glaumbæ voru *hard life, hardship* (10 sinnum). Þótt orðin lýsi ekki miklum vísindum þá segja þau til um hughrifin fyrir stað og stund.

8. Niðurstöður.

Þegar Íslendingar ferðast um eigið land vilja þeir heimsækja sögustaði og miðað við könnun Rannsóknarmiðstöðvar ferðamála sumarið 2019 líta þeir á gömlu torfbæina sem slíka. Sú könnun leiddi einnig í ljós mikinn áhuga meðal erlendra ferðamanna á sögutengdri ferðaþjónustu. Þeir röðuðu torfhúsum í fimmta sæti á lista yfir áhugaverða viðkomustaði en Íslendingar röðuðu þeim í þriðja sæti, jafnt og fjallgöngu, sem þriðja kosti yfir spennandi afþreyingu.²²

Þessi skýrsla segir til um viðhorf 588 manns, bæði Íslendinga og erlendra ferðamanna, sem svöruðu spurningum um viðhorf til torfhúsa. Svör þeirra gefa til kynna að áhugi á torfhúsum sé mikill. Hægt er að merkja það bæði á einkunnagjöf þeirra á annað hundrað torfbæjargesta sem teknir voru tali á vettvangi sem og hjá þeim sem svöruðu spurningum skriflega. Þeirra á meðal voru 200 heimildamenn Þjóðháttasafns Þjóðminjasafns Íslands, sem höfðu svarað í nóvember 2019 þegar úrvinnslan hófst. Í byrjun árs 2020 hafði svörum til Þjóðháttasafnsins fjölgað um 64. Þessir 264 einstaklingar völdu að svara kalli um tilsvör í gegn um gagnabankann Sarp (sarpur.is) þar sem allir gátu tekið þátt.

Langflestir svarenda þekktu torfhús aðeins sem gestir, áhorfendur. Af svarendum Þjóðháttasafns sögðust 61% aðeins þekkja torfhús sem gestir en 39% þekktu þau af eigin raun, með einhverjum hætti, sem hóbýli, búpeningshús, geymslur eða smiðjur (mynd 5, 6). Mjög margir þeirra, 45% (mynd 7), sem og meiri hluti minjaráðsfulltrúa, 58% (mynd 50), sem einnig sendu inn skrifleg svör, sögðu að innan við ár væri síðan þeir komu í torfhús. Þeir voru ekki spurðir hvers vegna en þær upplýsingar verða varla túlkaðar sem áhugaleysi um torfhús. Annað gildir um þá tíu einstaklingar, heimildamenn Þjóðháttasafns (mynd 7) og einn minjaráðsfulltrúa (mynd 47), sem sögðust aldrei koma í torfhús.

Almennt kom fram mikil jákvæðni gagnvart torfhúsum (mynd 9). Karlar fæddir 1980-2002 og konur fæddar 1931-1950 voru hlutfallslega jákvæðasta fólkið gagnvart torfhúsum (mynd 11, 98). Margir sögðu að í sínum huga stæðu þau fyrir heimili, gestrisni, hýsingu húsdýra, seiglu og sjálfsbjargarviðleitni. Rúm 97% svarenda Þjóðháttasafnsins sögðu torfhús vera þjóðartákn (mynd 10) og að merkilegast við þau væri efnið sem þau eru byggð úr (mynd 12). Minjaráðsfulltrúar sögðu að sögu- og minjagildi torfhúsa væri ótvírætt (mynd 51) og voru sammála þjóðháttasafnssvarendum um að efnið (torf og grjót) væri það merkilegasta við þau (mynd 50).

²² Vera Vilhjálmisdóttir (2019). Bls. 16.

Meirihluti svarenda sagði að torfhúsin væru mikilvægur og sérstæður byggingararfur sem tengdust íslenskri þjóðernisvitund að einhverju marki (mynd 14, 16, 51-53). Hvorki svör þjóðháttasafnssvarenda né minjaráðsfulltrúa gáfu til kynna mikla trú á að stjórnámálamenn hefðu áhuga á þessum menningararfi og 35% þeirra töldu þá ekkert þekkja til torfhúsa (mynd 18, 54, 55).

Bæði þjóðháttasafnssvarendur og minjaráðsfulltrúar sögðu ferðapjónstutengt gildi torfhúsa ótvírætt og 75% svarenda þjóðháttasafns sögðu þau hiklaust vera eitt af séreinkennum þjóðarinnar/landsins (mynd 20). Margir töldu núverandi notkun viðunandi (mynd 23) en fólk nefndi einnig ýmsa möguleika til að nýta þau og að það mætti vel byggja ný torfhús til að þjóna allskonar tilgangi (myndir 22-26, 56-59).

Meiri hluti svarenda þjóðháttasafns sögðust vilja varðveita allar gerðir torfhúsa (alþýðuhús, kotbæi, búpeningshús) og að vert væri að skoða að setja á fót torfhúsasöfn (mynd 27, 28). Það ætti líka að varðveita torfhús sem byggð væru úr blönduðum efnum. Þau væru byggingar-sögulega mikilvæg hús. Margir töluðu um að kostnaður af viðaldi mætti vera blandaður. Helmingur þjóðháttasafnssvarenda sagði að kostnaðarpáttöku ætti að haga eftir hverju tilfelli fyrir sig en að ríkið ætti að kosta viðhald þeirra húsa sem þættu „þjóðargersemi“ (mynd 29). Helmingur svarenda, bæði þjóðháttasafns og minjaráðsfulltrúar, sögðust ekki þekkja vel mismun á upprunalegu torfhúsi og eftirgerð, eða sögðust ekki hafa skoðun á því (mynd 30, 64, 65) og stór hluti þjóðháttasafnssvarenda (37%) leiddi spurninguna um eftirgerðir hjá sér (mynd 31). Margir sögðu að munurinn hefði legið í byggingarefnum og útliti torfhúsanna á 19. öld miðað við þá 20., þegar bætt var við þau steypu, járni, blikki, o.fl. eftir því sem þótti hægt og nýjar innréttingar urðu áberandi. Nokkrir bentu á að mismunur á torfhúsum hefði fyrst og fremst legið í efnahag húseigenda.

Meirihluti þjóðháttasafnssvarenda sagði að torfhús vektu hjá þeim virðingu og væntumþykju, að þau stæðu fyrir merkilega þróunarsögu, væru þjóðartákn, vagma íslenskrar menningar, hag-leiksverk fortíðar og byggingararfur (mynd 17). Þeim þætti leiðinlegt að heyra stjórnámálamenn tala um torfkofa með neikvæðum formerkjum og í niðrandi merkingu en sögðust skrifa það á skilningsleysi þeirra sem þannig töluðu fremur en að þeim væri raunverulega svo illa við þau (mynd 18, 19). Torfkofatal vitni hvorki um jákvæða sýn á torfhúsarf þjóðarinnar né handverksþekkingarinnar sem sköpuðu þau og það væri beinlínis dapurt að hlusta á þá orðræðu.

Sé horft til svara bæjargestanna 168 sem teknir voru tali á vettvangi kom yfirleitt fram ánægja þeirra og hrifning af torfhúsum, eins og einkunnagjafir þeirra fyrir aðdráttarafl, fræðslugildi og minjagildi bera með sér. Munur var á einkunnagjöfum aðdráttarafls Nýjabæjar og Laufáss miðað við Grenjaðarstaðar og Glaumbæjar. Hlutfall ráðandi einkunna fyrir aðdráttarafl allra fjögurra torfbæjanna lágu á bilinu átta til tíu, frá 69% gesta í Nýjabæ til 85% gesta á Grenjaðarstað (mynd 92). Meirihluti viðmælenda í Nýjabæ, eða 52% og 44% í Laufási, gáfu þeim torfbæjum átta í einkunn á meðan 39% gáfu Grenjaðarstað níu í einkunn og 35% gáfu Glaumbæ tíu í einkunn (mynd 92). Samhljómur var um fræðslugildi í Nýjabæ og Laufási, sem fengu á milli 31-42% einkunna upp á níu og tíu, á móti 58-82% sömu einkunna í Glaumbæ og á Grenjaðarstað. Alls 43% Glaumbæjargesta gáfu fræðslugildi bæjarins tíu í einkunn og 78% gesta á Grenjaðarstaður gaf fræðslugildi bæjarins þar níu í einkunn (mynd 93). Niðurstaða einkunnagjafa um minjagildi í Glaumbæ, Laufási og Nýjabæ var sú að 50-59% viðmælenda gáfu þeim einkunnir á bilinu níu til tíu og af þessum þremur skoraði Laufás hæst með 50% hlutfall einkunnar upp á tíu (mynd 94). Allar þessar háu einkunnir vitna um ánægju og áhuga bæjargesta og af þeim má ráða að sé miðað við einkunnir frá rannsókn *Rannsókn og ráðgjafa ferðabjónustunnar* frá árinu 2005 hefur áhugi fólks vaxið, allavega fyrir gömlum torfbæjum.

Mjög eindreginn vilji kom fram hjá svarendum þjóðháttasafns um að varðveita eigi handverksþekkingu þá sem torfhúsin krefjast til viðhalds, þ.e. torf- og grjóthleðslu (mynd 36, 68) og 76% bæjargesta í Glaumbæ voru þeim innilega sammála um það því þeir gáfu gildi handverksþekkingarinnar, til að gera við eða byggja torfhús, 10 í einkunn (mynd 84, 95).

Spurt var sérstaklega um hvort varðveita ætti fleiri gerðir torfhúsa og kom fram ákveðinn vilji þátttakenda til þess, bæði stór hús og smá og búpeningshús jafnt og híbýli. Alls 67% fólks í aldurshóp sem fæddur er á tímabilinu 1951-1980 og 57% fólks fætt á tímabilinu 1931-1950 vilja sjá það gert (mynd 108). Sama gildir um torfhús af yngstu gerð, sem byggð eru úr blönduðum efnum. Flestir, eða 55%, í hópnum sem fæddur var á tímabilinu 1951-1980 og 50% þeirra sem fædd voru 1931-1950 vilja að einhver slík verði varðveitt (mynd 113). Sé horft til vilja þessa hóps og til afstöðu bæjargesta sem skoðuðu Grenjaðarstað, Glaumbæ, Laufás og Nýjabæ síðast liðið sumar ætti torfhúsaarfur þjóðarinnar að vera á grænni grein.

Níu þátttakendur sögðust vera neikvæðir gagnvart torfhúsum (mynd 9, 57) og töldu þau ekki hafa neitt þjóðernislegt gildi. Spurning er hvort þeir einstaklingar eru fulltrúar meirihlutaálits þjóðarinnar, þeirra sem kusu að taka ekki þátt í spurningakönnunum og eru þögulir um álit

sitt, annaðhvort vegna þess að þeim er alveg sama um hvernig fer fyrir torfhúsunum eða þeir telja þau vera tákngerving allsleysis, ömurleika og vanþekkingar og því best að þau hverfi. Sú afstaða er reyndar fullkomlega á skjön við álit meirihluta svarenda, svo ekki sé talað um „lýsingarorð“ þau sem gestir notuðu til að lýsa upplifun sinni eftir heimsókn í torfbæina (mynd 100, orðalistar bls. 66-68 og 71).

Þar sem þeir 588 þátttakendur, sem lögðu rannsókninni lið, voru meira og minna jákvæðir gagnvart torfhúsaarfinum er nauðsynlegt að fá fram álit „þöglu hópsins“, þeirra sem gáfu sig ekki í að svara spurningunum. Hvað vilja þau? Næsta skref verður að finna leið til að fá álit þeirra fram.

Rannsóknargögnin gefa tilefni til margskonar frekari úrvinnslu, svo sem svör heimildamanna Þjóðháttasafns og verður unnið úr þeim áfram, sem og viðbótarsvörum sem enn eru að berast þangað í gegn um gagnabankann Sarp (sarpur.is). Möguleikar til að vinna úr rannsóknargögnunum eru óteljandi eins og fram kemur í kafla á bls. 18, um mögulegar afurðir rannsóknarinnar. Næst verður unnið úr ábendingum um standandi og hálfstandandi torfhús því það þarf að meta þau og setja í viðhaldsferli, ef þörf og vilji reynist vera fyrir því.

Í framhaldi af þessum niðurstöðum má varpa fram þeirri spurningu hvort ekki væri hægt að virkja þann mikla áhuga og jákvæðni sem fram kemur, bæði meðal erlendra ferðamanna og Íslendinga, til að vinna að markvissri varðveislu torfhúsaarfsins og handverksins á bak við hann. Mætti kannski gefa þeim ferðalöngum, sem vitja torfhúsanna, kost á að tryggja varðveislu þeirra, svo sem með nefskatti á aðgangseyri eða með öðrum hætti?

Svarendum Þjóðháttasafns og minjaráðsfulltrúum, sem svöruðu útsendum spurningalistum skriflega, er hér með þakkað sérstaklega fyrir ómetanlegar upplýsingar.

Heimildir

- Guðmundur Lúther Hafsteinsson (2000). Ágrip af íslenskri húsagerðarsögu fram til 1970. Reykjavík: Húsafriðunarnefnd ríkisins, á <http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/agripislhsagG.pdf>. Skoðað 18.10.2019.
- Hjörleifur Stefánsson (2013). *Af jörðu. Íslensk torfhús*. Reykjavík: Crymogeia í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands.
- Hjörleifur Stefánsson (2019). „The last era of the Icelandic turf house tradition“ (13-17). *Archaeologia Islandica 13. Rit Fornleifastofnunar Íslands. Occational papers on Icelandic Archaeology*. Reykjavík : Fornleifastofnun Íslands.
- Hörður Ágústsson (1998). *Íslensk byggingararfleifð I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750 – 1940*. Reykjavík: Húsafriðunarnefnd ríkisins.
- Kristín Huld Sigurðardóttir (2013). „Ný lög um minjavernd – Hugleiðingar um breytt umhverfi minjaverndar“ (181-196). *Árbók hins Íslenska fornleifafélags 2012*. Ritstjóri Birna Lárusdóttir. Reykjavík : Hið íslenska fornleifafélag. Skoðað http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=001348958, 21.12.2019.
- Lög um menningarminjar 140/2012*. Þingskjal 1610, 140. Löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög). Lög nr. 80 29. júní 2012. Skoðað <https://www.althingi.is/altxt/stjt/2012.080.html>, 16.10.2019.
- Minjastofnun Íslands, á <http://www.minjastofnun.is/um-stofnunina/starfsstodvar/>. Skoðað 12.12.2019.
- Oddný Þóra Óladóttir (2019). Erlendir ferðamenn á Íslandi 2018: Lýðfræði, ferðahegðun og viðhorf. Júlí 2019. FMS-2019-13. Akureyri: Ferðamálastofa. Skoðað: <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/konnun2018/konnun-18-2.pdf>, 28.11.2019.
- RÚV á <https://www.ruv.is/frett/kynna-undirbuning-fyrir-fjordu-idnbyltinguna-a-nyju-ari>, skoðað 1.1.2020.
- Rögnvaldur Guðmundsson (2006). *Gamlar byggingar áhugi erlendra ferðamanna 2005*. Samantekt unnin fyrir Húsafriðun ríkisins febrúar 2006. Reykjavík : Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar.
- Rögnvaldur Guðmundsson (2006). *Áhugi Íslendinga á gömlum byggingum*. Samantekt unnin fyrir Húsafriðun ríkisins febrúar 2006. Reykjavík : Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar.
- Safnastefna á sviði menningarminja* (2018). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands. Skoðað https://www.thjodminjasafn.is/media/utgafa/Thjodm_A4_Safnastefna_2017_WEB_120dpi.pdf, 6.12.2019.

- Samtök um söguferðapjónustu (2015). *Menningararfur er markaðsvara. Markaðs- og kynningaráætlun fyrir Samtök um söguferðapjónustu*. Skoðað <https://soguslodir.files.wordpress.com/2015/07/ssf-markadsac3a6tlun2015minni.pdf>, 27. 12. 2019.
- Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Marta Guðrún Jóhannesdóttir (2015). „Moldargreni og menningararfur. Útrýming og arfleifð torfhúsa“ (9-19). *Menningararfur á Íslandi. Greining og gagnrýni*. Ritstjórar, Ólafur Rastrick og Valdimar Tr. Hafstein. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Stefna Minjastofnunar Íslands 2018-2020* (2018). Reykjavík: Minjastofnun Íslands. Skoðað http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Stefna_Minjastofnunar_Islands_2018-2020.pdf, 16.10.2019.
- Vera Vilhjálmsdóttir (2019). Söguferðapjónusta á Norðurlandi. Könnun meðal ferðamanna á söfnum, setrum og sýningum. Akureryi: Markaðsstofa Norðurlands. Skoðað https://www.northiceland.is/static/files/PDF/Skyrslur/soguferdathjonusta-a-nordurlandi_loka_19.11.2019.pdf, 27.11.2019.
- ÞMS – Þjóðháttasafn Þjóðminjasafns Íslands. Spurningaskrá ÞMS-127 (2019-2) *Viðhorf til torfhúsa*. Á <https://www.dropbox.com/s/sd5yxdo95zgdgl/Spurningaskr%C3%A1%20127-neti%C3%B0.pdf?dl=0>. Skoðað 1.12.2019.

Grunngögn

I Spurningaskrá PMS-127 (2019-2) Viðhorf til torfhúsa

Kafli 1 af 6 – Eigin reynsla

Sp. 1,1 Þekkir þú torfhús af eigin raun? Ef svo er, með hvaða hætti? Hefur þú t.d. búið í torfbæ? Hvar voru/eru þessar byggingar staðsettar? Nefndu bæjarheiti.

Sp. 1,2 Um það bil hve oft hefur þú komið í torfhús? Hve langt er síðan þú komst seinast í þannig hús?

Kafli 2 af 6 – Gildi torfhúsa

Sp. 2,1 Fyrir hvað standa torfhús í þínum huga? Hver er fyrsta hugsun þín þegar þú hugleiðir þetta? Er hún jákvæð eða neikvæð? Vinsamleg færðu rök fyrir afstöðu þinni.

Sp. 2,1 Hvað finnst þér merkilegast og hvað ómerkilegast við torfhús?

Sp. 2,3 Í hverju felst sögulegt gildi torfhúsa einkum? En menntunar- og fræðslugildi? Segðu frá!

Sp. 2,4 Hafa torfhúsin eitthvað gildi fyrir þjóðerni og sjálfsmynd Íslendinga að þínu mati? Ef svo er, hvers vegna? Ef svarið er neikvætt, hvers vegna ekki?

Sp. 2,5 Geta torfhús haft gildi á vettvangi stjórnmálanna á einn eða annan hátt? Hvernig lýsir það sér, ef svo er?

Sp. 2,6 Í hverju felst ferðamálatengt gildi torfhúsa? Nefnið dæmi.

Kafli 3 af 6 – Varðveisla og nýting

Sp. 3,1 Hvað finnst þér um hvernig torfhús eru nýtt í þágu ferðamanna í dag?

Sp. 3,2 Gætu torfhús nýst með öðrum hætti eða betur en þau gera í dag? Hvað er hægt að gera til að bæta úr þessu og hvað ekki? Hvað stendur helst í vegi fyrir breytingum?

Sp. 3,3 Hvort ætti að varðveita fleiri eða færri torfhús en gert er? Ef fleiri, hvers vegna og þá hvernig hús (bæjarhús t.d.)? Ef nei, hvers vegna ekki?

Sp. 3,4 Ef áhugi væri fyrir að fjölga vernduðum torfhúsum og nýta þau, hver ætti að bera kostnað af viðgerð og verndun þeirra að þínu mati (sveitarfélög, ríkið t.d.)?

Kafli 4 af 6 – Aldursmunur og eftirgerðir

Sp. 4,1 Er mikill munur á torfhúsum eftir því hvenær þau voru byggð, svo sem á 19. öld, á fyrri hluta 20. aldar eða um miðbik aldarinnar? Hvernig lýsir sá munur sér helst, ef svo er?

Sp. 4,2 Finnst þér eftirgerðir torfhúsa vera frábrugðnar gömlu torfhúsunum? Hver er munurinn að þínu mati?

Sp. 4,3 Þekkir þú einhverja sem kunna handtök við torf- og grjóthleðslu? Ef svarið er jákvætt, hve margir voru þeir á að giska fyrir 25 árum? En í dag? Hver heldur þú að staðan gæti verið eftir 25 ár?

Kafli 5 af 6 – Síðasta skeið torfhúsanna

Sp.5 Nokkuð er til af byggingum sem kalla má síðasta stig torfhúsa, þar sem blandað er saman hefðbundnum og nýrri byggingarefnum (torfi, bárujárni og steinsteypu t.d.). Hvaða gildi finnst þér að þessi hús hafi? Ætti að varðveita þau og ef svo er, hvers vegna?

II Viðhorf til torfhúsa – spurningar fyrir minjaráðsfulltrúa (MÍ)

Eigin reynsla

1. Þekkir þú torfhús af eigin raun? Ef svo er, með hvaða hætti?
2. Um það bil hve oft hefur þú komið í torfhús?
3. Hve langt er síðan þú komst seinast í þannig hús?
4. Þekkir þú afstöðu eigenda torfhúsa til að leyfa notkun þeirra fyrir ferðaþjónustu?

Gildi torfhúsa

5. Fyrir hvað standa torfhús í þínum huga? Hver er fyrsta hugsun þín þegar þú hugleiðir þetta?
6. Hvað finnst þér merkilegast og hvað ómerkilegast við torfhús?
7. Í hverju felst sögulegt gildi torfhúsa einkum?
8. Í hverju felst menntunar- og fræðslugildi þeirra?
9. Hafa torfhúsin gildi fyrir þjóðerni og sjálfsmynd Íslendinga að þínu mati? Ef svo er, hvers vegna? Ef svarið er neikvætt, hvers vegna ekki?
10. Telur þú að torfhús geti haft gildi á vettvangi stjórnmalanna á einn eða annan hátt? Hvernig lýsir það sér, ef svo er?
11. Í hverju felst ferðamálatengt gildi torfhúsa? Nefnið dæmi.

Varðveisla og nýting

12. Hefur þú skoðun á því hvernig torfhús eru nýtt í þágu menningartengdrar ferðaþjónustu í dag?
13. Gætu torfhús nýst með öðrum hætti en þau gera í dag? Væri hægt að bæta nýtingu þeirra? Hvað stendur helst í vegi fyrir breytingum?
14. Hvort ætti að varðveita fleiri eða færri torfhús en gert er? Ef fleiri, hvers vegna og þá hvernig hús (bæjarhús t.d.)? Ef nei, hvers vegna ekki?
15. Ef áhugi væri fyrir að fjölga vernduðum torfhúsum og nýta þau, hver ætti að bera kostnað af viðgerð og verndun þeirra að þínu mati (sveitarfélög, ríkið, aðrir t.d.)?
16. Hefur þú skoðun á því hvernig torfhús standa gagnvart minjaverndarlögum?

Aldursmunur og eftirgerðir

17. Er munur á torfhúsum eftir því hvenær þau voru byggð, svo sem á 19. öld, eða á 20. öld? Hvernig lýsir sá munur sér helst, ef svo er?
18. Finnst þér eftirgerðir torfhúsa vera frábrugðnar gömlu torfhúsunum? Hver er munurinn að þínu mati?
19. Þekkir þú einhverja sem kunna handtök við torf- og grjóthleðslu? Ef svarið er jákvætt, hve margir voru þeir á að giska fyrir 25 árum? En í dag? Hver heldur þú að staðan gæti verið eftir 25 ár?

III Vettvangsspurningar RMF

1. Do you know about these? / Þekkirðu svona hús? (sýndar ljósmyndir af torfbæjum).
2. Are you curious or interested to know more about them? / Ertu forvitin um þau?
3. Have you visited any of the houses? / Hefurðu skoðað svona hús?
4. Have you heard about them? / Hefurðu heyrt um þau?

Aukaspurning var um hvað fólki fannst um þessi hús um leið og þeir skoðuðu myndirnar.

IV Vettvangsspurningar. Torfhús: ferðamál, gildi, varðveisla

Rannsókn um gildi torfhúsa er unnin í samstarfi Ferðamáladeildar Háskólans á Hólum, Þjóðminjasafns Íslands, Byggðasafns Skagfirðinga, Minjastofnunar Íslands og Rannsóknamiðstöðvar ferðamála.

Staða og gildi torfhúsa:

- ✓ Hvert telur þú vera fræðslugildi torfhúsa, á skalanum 1-10? / What is the educational value of a turf houses, on the scale 1-10, in your opinion?
- ✓ Hvert telur þú að sé minjagildi þessa torfhúss (sem gesturinn var að skoða), á sama skala? / What is the heritage value of turf houses, on the scale 1-10, in your opinion?
- ✓ Hversu mikið aðdráttarafli hafa torfhús fyrir ferðamenn, á skalanum 1-10? / How much of an attraction for tourists can turf house be, on the scale 1-10, in your opinion?
- ✓ Hve mikilvægt telur þú að viðhalda þekkingu til varðveislu torfhúsa, á skalanum 1-10? / How important is to preserve the knowledge on how to maintain turf houses, on the scale 1-10?

Hvernig lýsa gestir torfhúsa upplifun sinni?

- Þrjú til fimm orð sem þér dettur fyrst í hug til að lýsa torfhúsinu sem þú skoðaðir. / What three to fives come first in mind to describe the turfhouses you visited?
- Hvað dró þig hingað? Borgaði það sig? / What brought you here? Was it worth it?

Þjóðerni.

- Frá hvaða landi ertu? / Where do you come from?
(Þá er gott að skrifa hjá sér ágískaðan aldur gestsins, eldri en sextugur, milli þrítugs og sextugs og yngri en þrítugur)

V Úrvinnsla svara til þjóðháttasafns - PMS. Spurningalisti 127-2019-2

	Heildarfjöldi	kona 1930 og eldri	kona 1931-1950	kona 1951-1980	kona 1981-2002	óaldursgreind kona	óaldursgreindur karl	karl 1930 og eldri	karl 1931-1950	karl 1951-1980	karl 1981-2002
Hér er miðað við að hver einstaklingur, hafi eina skýringu											1
Kafli 1 af 6 - Eigin reynsla											
sp.1,1 Þekkirðu torfhús af eigin raun	200	2	31	55	7	13	13	2	32	36	9
Þekkti smíðju, -geymslu, -kofa f. dúnhreinsun úr torfi. Gömul torfhús sem leiksvæði.	13		3	3	2	1	1		1	2	
Þekkti búpeningshald í torfhúsi	20		3	4		1	2		3	7	
Ólst upp í torfbæ, sumardvöl, farskóli, barnsminni.	45	1	12	11		2		2	13	4	
Þekkir torfhús sem gestur, áhorfandi	122	1	13	37	5	9	10		15	23	9
sp.1,2 Hve oft hefurðu komið í torfhús?	200	2	30	56	7	13	13	2	32	36	9
Aldrei eða svarar ekki.	10		1	1	1	1		1	2	2	1
Innan við ár síðast.	91	2	7	33	5	9	4		7	19	5
Fyrir einhverjum árum.	99		23	21	1	3	9	1	23	15	3

Úrvinnsla svara frá heimildamönnum PMS-sp.127-2019-2.											2
Hér er miðað við að hver einstaklingur geti haft mörg, eða engin, sjónarmið	Heildartala svara	kona 1930 og eldri	kona 1931-1950	kona 1951-1980	kona 1981-2010	óaldursgreind kona	óaldursgreindur karl	karl 1930 og eldri	karl 1931-1950	karl 1951-1980	karl 1981-2002
Kafli 2 af 6 - Gildi torfhúsa											
sp.2.1 Fyrir hvað standa torfhús?	447	4	73	131	18	27	17	3	75	80	20
Jákvæð afstaða.	93	1	16	27	4	5	4		13	17	6
Neikvæð afstaða.	6		2						2	2	
Safn - torfhús eiga að hýsa safnsýningar, kynna þjóðmenningu okkar.	10		3	4	2				1		
Fátækt og vosbúð, gamlan og kaldan tíma.	17			7		1			4	4	1
Sjálfbærni: þau eru umhverfisvæn, vistvæn.	20		3	5	1	2			5	3	1
Þau standa fyrir heimili og hýsingu húsdýra. Seiglu, þrautseigju, sjálfsbjargarviðleitni, gestrisni.	114	2	18	39	4	6	5	2	18	17	3
Vagga íslenskrar menningar, þjóðartákn, þjóðmenning, verkmenning. Merkileg þróunarsaga, byggingararfur, hagleiksverk. Virðing og væntumþykja.	187	1	31	49	7	13	8	1	32	36	9
sp.2.2 Hvað er merkilegt, ómerkilegt við þau?	239	1	40	67	5	21	13	3	45	41	5
Hefur ekki skoðun á því.	4		1						2		1
Efnið entist illa - mikið viðhald (þannig ómerkileg), leki og kuldi.	23		5	4		2	1	1	6	4	
Merkilegt hve lengi fólk bjó í þeim þrátt fyrir að þau væru rök og án hreinlætisaðstöðu og sögð heilsuspillandi, sem var þeirra helsti löstur.	59		8	15	1	7	5	1	10	10	2
Það er ekkert ómerkilegt við þau.	62	1	9	26	2	5	2		8	7	2
Merkilegt hve efni úr næsta nágrenni nýttist vel í hús. Sjálfbærni.	91		17	22	2	7	5	1	19	20	
sp.2.3. sögu- og fræðslulegt gildi torfbæja	375	4	55	113	10	27	14	5	65	67	15
Sýna hve þjóðin hefur alla tíð verið háð og nán náttúrunni.	40		2	13		5	3	1	7	9	
Mikið sögulegt gildi. Saga þjóðarinnar ekki sögð án þeirra.	71	1	14	21	1	5	1	1	12	11	4
Þau veita raunsanna innsýn í fortíðarlífnaðarhætti, eru áhrifarikari en nokkur texti.	108	1	14	39	5	7	2	1	18	16	5
Hugvit og hönnun - byggingafræðilega mikilvæg - sérstök verkmenning. Þau sýna húsagerð þessa heimshluta, eru framlag okkar til húsasögu heimsbyggðarinnar.	156	2	25	40	4	10	8	2	28	31	6

Úrvinnsla svara við sp.127-2019-2 - framhald.											3
	Heildartala svara	kona 1930 og eldri	kona 1931-1950	kona 1951-1980	kona 1981-2010	óaldursgreind kona	óaldursgreindur karl	karl 1930 og eldri	karl 1931-1950	karl 1951-1980	karl 1981-2002
Hér er miðað við að hver einstaklingur geti haft mörg sjónarmið											
Kafli 2 af 6 - Gildi torfhúsa - framhald											
sp.2.4 Þjóðernis- og ímyndarlegt gildi?	203	1	34	53	7	14	6	1	28	33	10
Hollt fyrir kynslóðir nútímans að sjá aðstöðu og bjargráð forfeðranna.	16		3	10			1			2	
Torfkofatal - neikvæð þjóðernisvitund. Margt fólk sem þar bjó skammaðist sín fyrir torfhús. Notað af skilningslausum nútíma.	22		7	5	1		1		2	5	1
Ekki sama tenging og áður fyrr, lítið eða ekkert tákngildi. Börn teikna ekki lengur burstabæ til að tákna sveitina.	23	1	3	3	1				9	6	
Stolt (-ur) yfir að hafa átt forfeður í torfhúsum.	43		9	14	2	4	1		4	7	2
Í þeim felst þjóðernisleg sjálfsvitund, íslensk menning. Sérstæður menningararfur, jafngildur tungumáli og handritum. Í þeim felst frumkvæði og sköpunarkraftur.	99		15	31	3	10	4	1	13	15	7
sp.2.5. gildi torfhúsa á stjórnmálasviði	169	0	18	31	1	5	3	1	23	15	2
Stjórnmálatenging helst í gegn um fjárframlög til viðhalds.	13		2	4				1	4	2	
Stjórnmálamönnum er sama um eða skilja ekki gildi þessa þjóðararfs - líta á hann sem bagga. Torfhús eru tengd gamaldags viðhorfum, "að skríða út úr torfkofanum", sem er notað í skætingi og án umhugsunar um gamaldags, kjánaleg, þröngsýn viðmót. Populískt lýðskrum, öfgar og tyllidagatal.	31		6	8					8	9	
Hefur ekki skoðun á því, veit ekki, sér ekki tengsl við stjórnmál.	55		10	19	1	5	3		11	4	2
Stjórnmálamenn eiga að þekkja gildi menningararfs og stuðla að fræðslu og verndun menningarminja. Torfhús gætu nýst sem dæmi um sjálfbærni þjóðarinnar og orðið fortíðartákn hennar. Stjórnmálamenn sýni góða fyrirmynd. Áhugaleysi er smitandi.	70	2	11	19		6	5	2	10	14	1
sp.2.6 Ferðamálalegt gildi torfhúsa?	251	3	36	79	6	19	8	3	44	45	8
Veit ekki - hefur ekki skoðun, skiptir engu máli.	5		4						1		
Í grunninn ættu torfhús ekki að hafa neitt með ferðamenn að gera. Torfbæjarlífið er ofmetið og ferðaþjónusta veldur bara loftslagsvanda.	6		1	3					1	1	
Þau minna fólk á hve gott við höfum það í dag.	6		1	3						1	1
Veraldarsögulega einstakur, ápreifanlegur byggingar-arfur, strengur milli nútíma og fortíðar, manns og náttúru.	84		12	21	3	8	2	1	20	14	3
Séreinkenni þjóðar. Þau sýna lífsmáta, lífsskilyrði, sjálfbærni, hvaðan við erum sprottin.	150	3	18	52	3	11	6	2	22	29	4

Úrvinnsla svara frá heimildamönnum PMS-											4
	Heildartala svara	kona 1930 og eldri	kona 1931-1950	kona 1951-1980	kona 1981-2010	óaldursgreind kona	óaldursgreindur karl	karl 1930 og eldri	karl 1931-1950	karl 1951-1980	karl 1981-2002
Hér er miðað við að hver einstaklingur geti haft mörg sjónarmið											
Kafli 3 af 6 - Varðveisla og nýting											
sp.3,1 Nýting torfhúsa í þágu ferðamanna í dag?	172	2	24	59	2	16	5	0	34	23	7
þarf endilega að nýta þau? Þau eru safngripir.	17	1	2	6		2	1		3		2
Hefur ekki skoðun á þessu.	22		3	7			2		7	3	
Ánægjulegt er að sjá vel viðhaldið og nýuppgerð torfhús. Þau eru til sóma. Nýting þeirra verður að byggjast á trausti um upprunaleika og þekkingu.	24		3	10		4			5	2	
Nýta mætti fleiri fyrir ferðamenn. Vanda kynningu á þeim og markaðssetja með skírari hætti, hlúa að þeim og bæta aðgengi.	40	1	5	11		4			6	11	2
Góð/viðunandi nýting á þeim.	69		11	25	2	6	2		13	7	3
sp.3,2 Mætti nýta torfhús m öðrum hætti?	131	2	24	43	3	10	3	1	20	22	3
Nýta þau sem kaldar geymslur, skýli fyrir útigang eða gripahús.	6			3					2	1	
Gera heimilishaldi hærra undir höfði í sýningahaldi.	6		2	1		1				2	
Veit ekki - dettur ekkert í hug.	22		2	10	1	1	2	1	3	2	
Standa betur en gert er að viðhaldi þeirra húsa sem þegar eru varðveitt. Íslendingar eru sjálfir helsta fyrirstaða þess að torfhús séu nýtt.	26	1	4	11	1	1	1		1	3	3
Nýta þau sem vettvang í námi og rannsóknum - útbúa kennsluefni um þau. Allir Íslendingar fái fræðslu um þau.	26	1	5	9	1	2			4	4	
Byggja torfhús sem fólk getur notað að vild. Nýtingaráhugi eykst við gróðamöguleika. Sumarhús, kvikmyndasýning, handverkshátíðir, gisting, kaffihús, þinghús.	45		11	9		5			10	10	
sp.3,3 Varðveita fleiri torfhús - hvers vegna?	204	2	31	64	3	13	5	2	34	42	8
Hefur ekki/litla skoðun á því.	10		2	3			2	1	1	1	
Ekki varðveita fleiri torhús en nú er gert en varðveita vel þau sem þegar eru.	16		1	6		2			5	2	
Einstæð upplifun bæði fyrir unga Íslendinga og gesti landsins.	17		2	5		2	1		2	3	2
Byggja, varðveita fleiri hús til að viðhalda þekkingunni.	45	1	6	16	1	1			10	9	1
Varveita allar gerðir torfhúsa (alþýðuhús, kotbæi, búpeningshús), dreifa um landið, lifandi sýningar, torfhúsasöfn (útisöfn).	116	1	20	34	2	8	2	1	16	27	5

Úrvinnsla svara við sp.127-2019-2 - framhald.											5
	Heildartala svara	kona 1930 og eldri	kona 1931-1950	kona 1951-1980	kona 1981-2010	óaldursgreind kona	óaldursgreindur karl	karl 1930 og eldri	karl 1931-1950	karl 1951-1980	karl 1981-2002
Hér er miðað við að hver einstaklingur geti haft mörg sjónarmið											
Kafli 3 af 6 - Varðveisla og nýting, framhald											
sp.3,4 Hver á að bera kostnaðinn við varðveislu t.	163	1	6	7	0	5	4	1	11	14	3
Hefur ekki/litla skoðun á því. Vill einhver bera þann kostnað?	12	1	1	3			2	1	2	1	1
Hafa aðra skattaumgjörð um notendur og byggjendur (handverk) torfhúsa og sérstaka styrktarsjóði til viðhalds torfhúsum. Leita styrkja á alþjóðavísu.	20		2	2		3	2		3	6	2
Þeir sem vilja nýta torfhús, komi sér þeim upp. Nota aðgangseyri til viðhalds – sjálfbær rekstur.	20		3	2		2			6	7	
Ríkið beri kostnað af varðveislu þeirra torfhúsa sem teljast þjóðargersemi.	29	1	3	12		4			5	4	
Kostnaður við uppihald torfhúsa verði blandaður/ sameiginlegur - ríki, sveitarf., fleiri. Ræðst af hverju tilfelli fyrir sig. Sjálfbóðaliðar, áhugamannafélög og frjálst framlag.	82		18	24	2	3	2		15	15	3

Úrvinnsla svara frá heimildamönnum PMS-sp.127-2019-2.											7
Hér er miðað við að hver einstaklingur geti haft mörg, eða engin, sjónarmið		kona 1930 og eldri	kona 1931-1950	kona 1951-1980	kona 1981-2010	óaldursgreind kona	óaldursgreindur karl	karl 1930 og eldri	karl 1931-1950	karl 1951-1980	karl 1981-2002
sp.5. síðasta skeið torfhúsa	123	1	21	40	4	8	3	1	22	20	3
"Varla er aðkallandi að varðveita þau" og alls ekki fjölga þeim.	6		1	1			1		2	1	
Mætti leyfa meiri aðlögun á þeim en eldri húsum.	7		2	1	1				1	2	
Skiptir ekki svo máli - veit ekki - engin skoðun.	10		2	4					3	1	
Varðveita á allar tegundir torfhús, líka með blönduðum efnum. Byggingarsögulega mikilvæg hús.	100	1	16	34	3	8	2	1	16	16	3

VI Úrvinnsla svara frá minjaráðsfulltrúum

	kona	karl	Samtals
EIGIN REYNSLA – Hver einstaklingur gat gefið eitt svar			
sp.1 Þekkirðu torfhús af eigin raun, hvernig?	8	9	17
Já, þekki þau vel sem búpeningshús úr torfi og grjóti.	3	2	5
Já, þekki þau vel sem íbúðarhús.	2	3	5
Já, þekki til verndaðra og endurgerðra torfhúsa, sem gestur.	3	4	7
sp.2 Hve oft hefurðu komið í torfhús?	9	8	17
Nokkrum sinnum, nokkuð oft	6	7	13
Einu sinni til þrisvar á ári	3		3
Langt síðan. Fyrir einhverjum árum		1	1
sp.3 Hvað er langt síðan þú komst seinast í þannig hús?			17
Innan við ár	8	6	14
Fimm til fimmtán ár		2	2
Fyrir löngu/aldrei	1		1
sp.4 Þekkir þú afstöðu eigenda torfhúsa til að leyfa notkun þeirra fyrir ferðapjónustu?			26
Þekkir bara til þar sem torfhús eru notuð fyrir gesti.	8	6	14
Telur eigendur torfhúsa yfirleitt hlynnta því að nýta þau í ferðapjónustu.	5	1	6
Afstaða torfhúsaeygenda er jafn misjöfn og þeir eru margir.	3	1	4
Þekkir ekki afstöðu eigenda torfhúsa til ferðapjónustu í þeim.		2	2
GILDI TORFHÚSA – Hver einstaklingur gat gefið fleiri en eitt svar			
sp. 5 Fyrir hvað standa torfhús í þínum huga? Hver er fyrsta hugsun þín?			34
Saga og minjar, arfleifð, sjáfsmynd.	8	6	14
Líf forfeðranna,, gamalt verklag, verkkunnáttu.	8	5	13
Ótrúlegar breytingar, útsjónarsemi, hugvit.	4		4
Líf háð náttúruöflum. Fyrir öll nútímapægindi.	2	1	3
sp.6 Hvað finnst þér merkilegast og hvað ómerkilegast við torfhús?			35
Merkilegt handverk, þróun og aðlögun þjóðar að veður- og náttúrufari, notkun á staðbundnu efni.	8	6	16
Ekkert er ómerkilegt við torfhús	5	5	10
Smæðin, þrengslin, aðstæðurnar (erfiðar)	3	2	5
Ómerkilegast: sögur af kulda og raka, barnadauða og vosbúð og hvernig þau eru látin drabbast niður.	3	1	4
sp.7 Í hverju felst sögulegt gildi torfhúsa einkum?			37
Þau vitna um aðstæður, daglegt líf	7	5	12
Nýting þess byggingarefnis sem var í boði og byggingargerðinni, húsasögunni	5	9	14
Þau vitna um verklag, verkkunnáttu og hugvit	5	4	9
Torfhús eru eitt af sérkennum Íslands	1	1	2

	kona	karl	samtals
sp. 8 Í hverju felst menntunar- og fræðslugildi þeirra?			41
Raunveruleg hús, sem raungera söguna og fræða um daglegt líf	7	6	13
Reglulega viðhaldspörf ætti að nýta sem vettvang kennslu handverksins og til greininga, s.s. fyrir fornleifafæðinga/fornleifafræðinema.	5	6	11
Þau dýpka skilning okkar á menningarsögu og sjálfsmynd þjóðarinnar	3	6	9
Í þeim felst fræðsla um hvernig fólk aðlagðist náttúrunni og notaði tiltæk efni.	4	4	8
sp. 9.1 Hafa torfhúsin gildi fyrir þjóðerni og sjálfsmynd Íslendinga að þínu mati? Ef svo er, hvers vegna?			23
Já. Fortíðin er órjúfanlegur hluti af okkur og mótar sjálfsmyndina. Torfhúsin vitna um stöðu híbýla og ótrúlega aðlögunarhæfni þjóðarinnar.	7	6	13
Já. Við ættum að nýta þekkingu/skilning forfeðranna á samspili manns og náttúru til að breyta neyslu- og lífnaðarháttum okkar í dag?	3	3	6
Já. Sterkar skoðanir, fólk sveiflast frá því að vilja útrýma þeim til þess að vilja varðveita þau sem menningararf	2	1	3
J. Ósannjarnt af fólki finnst þau vitna um vesaldóm	1		1
sp. 9.2 Ef svarið er neikvætt, hvers vegna ekki?			3
Torfhús og búseta í þeim þótti niðurlægjandi tímabil í sögu þjóðarinnar.		1	1
Þau vitna um fátækt, einhæft þjóðfélag og hafa neikvæð áhrif á sjálfsmyndina.		1	1
Við þjuggum lengur í torfhúsum en aðrar þjóðir og fengum neikvæðan stimpil á okkur þessvegna, skítug, lúsug.		1	1
sp. 10.1 Telur þú að torfhús geti haft gildi á vettvangi stjórnmálanna á einn eða annan hátt?			21
Stjórnmálaöfl geta nýtt sér torfhús í pólitískum tilgangi.	3	4	7
Ekki viss, sér ekki tengingu	4	2	6
Afskipta stjórnmálamanna er þörf þegar ákveða á hvað hefur gildi fyrir þjóðina og fyrir varðveislu menningarverðmæta.	4	1	5
sp.10.2 Hvernig lýsa pólitísk afskipti sér?			11
Pólitík. Skilgreina þau sem ómetanlegan menningararf.	2	3	5
Pólitík. Talar torfhúsin niður og öfugt.	1	2	3
Pólitík. Stýring fjármuna til viðhalds og rannsókna (hingað til allt of lítið).		1	1
Pólitík. Torfhús notuð í tali um fátækt og einhæft þjóðfélag.		1	1
Sögu-og varðveislusinnuð pólitík skorar hátt hjá sögusinnuðu fólki.	1		1
sp.11 Í hverju felst ferðamálatengt gildi torfhúsa? Nefnið dæmi.			33
Nýta fleiri til að dreifa álagi og um leið fjölga möguleikaum til að varðveita þau.	1	2	3
Áhugi á sögutengdri ferðapjónustu er vaxandi. Torfhúsin eru seglar fyrir ferðamenn. Íslenskir ferðamenn vilja heimsækja sína eigin sögustaði og líta þannig á torfbæina.	5	1	6
Torfhúsin eru hluti af samspili manns og náttúru, að byggingarefnið er sjálfbært og var fengið úr næsta nágrenni.	3	4	7
Þau nýtast vel sem umhverfi fyrir safnsýningar/afþreyingu og hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagið	6	2	8
Tækifæri í upplifunarferðamennsku fyrir þá sem vilja njóta þess sem er ekta.	3	6	9

VARÐVEISLA OG NÝTING – Hver einstaklingur gat gefið mörg svör

	kona	karl	samtals
sp.12 Hefur þú skoðun á því hvernig torfhús eru nýtt í þágu menningartengdrar ferðaþjónustu í dag?			26
Jákvætt að nýta torfhús í ferðaþjónustu.	5	5	10
Hægt að nýta þau betur, helsti þröskuldurinn er fjármögnun viðgerða, viðhalds.	5	2	7
Nýta á allar gerðir torfhúsa og mikilvægt að varðveita sanngildi þeirra, að þau séu ekta.	4	2	6
Þekkir ekki nógu vel til eða hefur ekki skoðun á því.		3	3
SP.13.1 Gætu torfhús nýst með öðrum hætti en þau gera í dag?			18
Já, nota þau sem fuglaskoðunarhús, áningarstað, krá, veitingar, jafnvel gistingu.	2	6	8
Já, nýta þau fyrir lifandi sögusýningar, sögu- og arkitektúrkennslu á öllum skólastigum á veturna og til ferðaþjónustu á sumrin.	4	3	7
Já, nýta einhver þeirra sem vettvang fyrir handverksnám.		2	2
Þau eru liðin tíð.		1	1
sp.13.2 Væri hægt að bæta nýtingu þeirra?			8
Já, ef mætti bæta hollustuhætti í þeim, burðarþol og brunavarnir og leyfa fólki að upplifa dvöl í þessum húsum.	2	4	6
Já með betri/aukinni markaðssetningu.	2		2
sp.13.3 Hvað stendur helst í vegi fyrir breytingum?			20
Fjármagnsskortur - takmörkuð framlög.	6	1	7
Reglugerðafargan, erfitt aðgengi.	3	2	5
Eigendavandamál og kostnaður við að útfæra nýjar hugmyndir, breytta notkunarmöguleika.	4	1	5
Hefur ekki skoðun á því, veit ekki.		3	3
sp.14.1 Hvort ætti að varðveita fleiri eða færri torfhús en gert er? Ef fleiri, þá hvernig?			19
Já, áhugavert að fjölga varðveittum húsgerðum, gripahús, kotbæi. Fer eftir ástandi. Helst að hafa þau aðgengilega í öllum landshlutum.	8	7	15
Já, leggja meira fé í varðveislunni þeirra torfhúsa sem nú eru til og vinna málin áfram í samráði við bændur/landeigendur.	1	1	2
Já, reisa fleiri tilgátuhús, einkum tengd fornleifauppgröftum.	1	1	2
sp.14.2 Ef nei, hvers vegna ekki?			3
Ekki varðveita fleiri. Hugsa betur um þau sem eru til.	1		1
Of mikill viðhaldskostnaður miðað við tekjur af þeim.		1	1
Staðan er góð eins og hún er.		1	1
sp.15 Ef áhugi væri að fjölga vernduðum torfhúsum, hver ætti þá að bera kostnaðinn?			36
Hafi hús mikið sögu- eða byggingarlegt gildi á ríkið að kosta varðveisluna.	9	6	15
Kostnaðarhliðin samstarf - blönduð fjármögnun, notendur.	3	3	6
Auðvelda á styrkjarmöguleika fyrir torfhúsaeygndur og efla Húsafriðunarsjóð.	2	3	5
Kostnaðarhliðin þarf að vera í skýrum farvegi og sömuleiðis hver sé með ábyrgðina.	4	1	5
Eigendur beri allan kostnað af húsunum. Fá stórfyrirtæki til að taka þau í fóstur.	2	3	5

	kona	karl	samtals
sp.16 Hefur þú skoðun á því hvernig torfhús standa gagnvart minjaverndarlögum?			20
Nei, hefur ekki skoðun á því, þekkir ekki nógu vel til.	5	3	8
Já, efla viðhaldsstyrkjasjóði. Fjármagn verður að fylgja kröfu um varðveislu. Hið opinbera á að hvetja til að minjar séu varðveittar, ekki taka völdin af eigendum.	3	4	7
Já, og nei, hefur áhuga á að skoða það nánar, þekkir 100 ára regluna eina.	1	1	2
Já, þekkir lögin en margt má betur fara, taka betur utan um þennan málaflokk.	1	1	2
Já, óheimilt ætti að vera að jafna torfbyggingar við jörðu nema að undangengu mati.		1	1

ALDURSMUNUR, EFTIRGERÐIR -- Hver einstakl. gat gefið mörg svör

SP. 17 hver er munurinn á torfhúsum sem voru byggð, 19. öld, 20. öld?			19
þekkir ekki nógu vel til.	6	2	8
já, þau þróuðust í takt við tíðaranda og ný byggingarefni.	2	4	6
Já, það var munur var á torfhúsum eftir tíma og landshlutum.	2	3	5
Já, munurinn var mestu háður efnahag.		2	2

SP.18 Finnst þér eftirgerðir torfhúsa vera frábrugðnar gömlu torfhúsunum? Hver?			23
Menn beita gömlum og nýjum aðferðum í bland	1	1	2
Eftirgerðir byggja flestar á getgátum og eru of einsleitar	1	2	3
Öll torfhús jafn merkileg, breytt eða óbreytt (þróun), sumar eftirgerðir vel gerðar	3	2	5
Endurgerðir/eftirgerðir bygginga eiga að fylgja gömlum byggingahefðum en þær eiga fullkominn rétt á sér.	2	3	5
Hefur ekki skoðun á því, ekki næg yfirsýn	5	3	8

sp. 19 .1 Þekkir þú einhverja sem kunna handtök við torf- og grjóthleðslu?			17
þekki/kannast við nokkra sem kunna torf- og grjóthleðslu nú.	6	5	11
þekki engann, kannast ekki við neinn sem kann það.	3	3	6

sp.19.2 Ef svarið er jákvætt, hve margir voru þeir á að giska fyrir 25 árum? En í dag?			17
Hef ekki forsendur til að meta þetta.	3	7	10
Færri fyrir 25 árum en í dag.	4		4
Fleiri hleðslumenn fyrir 25 árum en í dag.	1	2	3


sp.19.3 Hver heldur þú að staðan gæti verið eftir 25 ár?			17
þeim fækkar stöðugt sem kunna það.	2	3	5
Óviss staða eftir 25 ár. Hvatningu þarf til að þekkingin haldist.	4	4	8

SÍÐASTA SKEIÐ TORFHÚSANNA


sp.20.1 Hvaða gildi finnst þér að 20. aldar torfhús með blönduðum efnum hafi?			28
þau munu hafa meira gildi eftir því sem frá líður	8	7	16

sp.20.2 Hvaða gildi finnst þér að torfhús hafi? Ætti að varðveita þau og ef svo er, hvers vegna?			
Það þarf að varðveita einhver þeirra	5	4	9
þau tengja og túlka byggingar fortíðar og nútíma og aðgengi að nýjum efnum.	3		3

VII Heimildamenn Þjóðháttasafns – kynjaskipt svör eftir aldurshópum




97 Mynd (97). Þekkirðu torfhús af eigin raun?




98 Mynd (98). Hve oft hefurðu komið í torfhús?

KAFLI 2 AF 6 - GILDI TORFHÚSA. SP.2.1 FYRIR HVAÐ STANDA TORFHÚS?



100 Mynd (99). Fyrir hvað standa torfhús?

KAFLI 2 AF 6 - GILDI TORFHÚSA. SP.2.2 HVAÐ ER MERKILEGT, ÓMERKILEGT VIÐ ÞAU?




99 Mynd (100). Hvað er merkilegt, ómerkilegt við torfhús?

KAFLI 2 AF 6 - GILDI TORFHÚSA.

SP.2.3 SÖGU- OG FRÆÐSLULEGT GILDI?

- Sýna hve þjóðin hefur alla tíð verið háð og nain náttúrunni.
- Mikið sögulegt gildi. Saga þjóðarinnar ekki sögð án þeirra.
- Þau veita raunsanna innsýn í fortíðarlífnaðarhætti - áhrifaríkari en texti.
- Hugvit og hönnun - byggingafræðilega mikilvæg - sérstök verkmenning. Þau sýna húsagerð þessa heimshluta og eru famlag okkar til húsasögu heimsbyggðarinnar.




102 Mynd (101). Hvert er sögu- og fræðslugildi torfhúsa?

KAFLI 2 AF 6 - GILDI TORFHÚSA.

SP.2.4 ÞJÓÐERNIS- OG ÍMYNDARGILDI?

- Holtt fyrir kynsl. nút. að sjá aðstöðu og bjargráð forfeðranna.
- Torfkofatal - neikvæð þjóðernisvitund. Margt fólk sem þar bjó skammaðist sín fyrir torfhús. Notaf af skilningslausum nútíma.
- Ekki sama tenging og áður fyrr, lítið eða ekkert tákngildi. Börn teikna ekki lengur burstabæ til að tákna sveitina.
- Stolt (-ur) yfir af að hafa átt forfeður í torfhúsum.
- Í þeim felst þjóðernisleg sjálfsvitund, íslensk menning. Sérstæður menningararfur, jafngildur tungumáli og handritum. Í þeim felst frumkvæði og sköpunarkraftur.



101 Mynd (102). Hvert er þjóðernis- og fræðilegt gildi torfhúsa?

KAFLI 2 AF 6 - GILDI TORFHÚSA.


SP.2.5. GILDI TORFHÚSA Á STJÓRNMÁLASVIÐI.

■ Stjórnálatenging helst í gegn um fjárframlög til viðhalds.

■ Stjórnámamenn skilja ekki þennan menningararf og líta á hann sem bagga. Torfhús eru tengd gamaldags viðhorfum og talað í skætingi um "að skríða út úr torfkofanum". Kjánaleg, þröngsýn viðmót, populískt lýðskrum.

■ Hef ekki skoðun á því, veit ekki, sér ekki tengsl við stjórnámál.

■ Stjórnámamenn eiga að þekkja gildi þessa menningararfs og stuðla að fræðslu og verndun menningarminja. Torfhús; dæmi um sjálfbærni þjóðarinnar. Stjórnámamenn sýni góða fyrirmynd.



104 Mynd (103). Gildi torfhúsa á stjórnálasviði.

KAFLI 2 AF 6 - GILDI TORFHÚSA.

SP.2.6 FERÐAMÁLALEGT GILDI TORFHÚSA?


■ Veit ekki - hef ekki skoðun, skiptir engu máli.

■ Í grunninn ættu torfhús ekki að hafa neitt með ferðamenn að gera. Torfbæjarlífið er ofmetið og ferðabjónusta veldur bara loftslagsvanda.

■ Þau minna fólk á hve gott við höfum það í dag.

■ Veraldarsögulega einstakur, áþreifanlegur byggingararfur, strengur milli nútíma og fortíðar, manns og náttúru.


■ Séreinkenni þjóðar. Þau sýna lífsmáta, lífsskilyrði, sjálfbærni, hvaðan við erum sprottin.



103 Mynd (104). Hvert er ferðamálalegt gildi torfhúsa?

KAFLI 3 AF 6 - VARÐVEISLA OG NÝTING. SP.3,1 NÝTING TORFHÚSA Í ÞÁGU FERÐAMANNA Í DAG?


- Þarf endilega að nýta þau? Þau eru safngripir.
- Hefur ekki skoðun á þessu.
- Ánægjulegt og til sóma að sjá velviðhaldið og nýuppgerð torfhús. Nýting þeirra verður að byggjast á trausti um upprunaleika og þekkingu.
- Nýta mætti fleiri fyrir ferðamenn. Vanda kynningu á þeim og markaðssetja með skírari hætti, hlúa að þeim og bæta aðgengi.
- Góð/viðunandi nýting á þeim.



106 Mynd (105). Nýting torfhúsa í þágu ferðabjónustu - mat.

KAFLI 3 AF 6 - VARÐVEISLA OG NÝTING. SP.3,2 ÆTTI AÐ NÝTA TORFHÚS MEÐ ÖÐRUM HÆTTI EN GERT ER?


- Nýta þau sem kaldar geymslur, skýli fyrir útigang eða gripahús.
- Gera heimilishaldi hærra undir höfði í sýningahaldi.
- Veit ekki - dettur ekkert í hug.
- Standa betur að viðhaldi varðveittra torfhúsa. Íslendingar eru sjálfir helsta fyrirstaða nýtingar.
- Nýta torfhús sem vettvang í námi og rannsóknum. Allir Íslendingar fá fræðslu um þau.
- Byggja torfhús sem fólk getur notað að vild. Áhugi eykst við gróðamöguleika.



105 Mynd (106). Ætti að nýta torfhús með öðrum hætti en gert er?

KAFLI 3 AF 6 - VARÐVEISLA OG NÝTING. SP.3,3 ÆTTI AÐ VARÐVEITA FLEIRI TORFHÚS? HVERS VEGNA?


- Hefur ekki/litla skoðun á því
- Ekki varðveita fleiri torhús en nú er gert en varveita vel þau sem þegar eru
- Einstæð upplifun bæði fyrir unga Íslendinga og gesti landsins
- Byggja, varðveita fleiri hús til að viðhalda þekkingunni. Setja upp torfhúsasöfn.
- Varveita allar gerðir torfhús (alþjóðhús, kotbæi, búpeningshús), heildir, dreifa um landið, lifandi sýningar, torfhúsasöfn (útisöfn).



108 Mynd (107). Ætti að varðveita fleiri torfhús? Hvers vegna?

KAFLI 3 AF 6 - VARÐVEISLA OG NÝTING. SP.3,4 HVER Á AÐ BERA KOSTNAÐ VIÐ VARÐVEISLU TORFHÚSA?


- Hefur ekki/litla skoðun á því. Vill einhver bera þann kostnað?
- Hafa aðra skattaumgjörð um notendur og byggjendur (handverk) torfhúsa og sérstaka styrktarsjóði til viðhalds torfhúsa og leita styrkja á alþjóðavísu.
- Þeir sem vilja nýta torfhús, komi sér þeim upp. Nota aðgangseyri til viðhalds - sjálfbær rekstur.
- Ríkið beri kostnað af varðveislunni torfhúsa, a.m.k. þau sem teljast þjóðgærsemi.
- Kostnaður við uppihald torfhúsa verði blandaður/sameiginlegur - ríki, sveitarf., fleiri, ræðst af hverju tilfalli fyrir sig. Sjálfboðaliðar, áhugamannafélög og frjálst framlag.



107 Mynd (108). Hver á að bera kostnað við varðveislunni torfhúsa?

KAFLI 4 AF 6 - ALDURSMUNUR OG EFTIRGERÐIR. SP.4,1 VAR MUNUR Á 19. OG 20. ALDAR TORFHÚSUM?


- Sá mismunur skiptir engu máli.
- Torfkofarnir voru eilífir ef alltaf er hlaðið í bilað, alltaf eins.
- Munurinn lá í efnahag þeirra sem byggðu.
- Þekkir ekki nógu vel til, hefur ekki skoðun á því, eða svarar ekki.
- Munur á byggingarefnum og -lagi (20. öld, steypa, járn, blikk, o.fl.) og nýjar innréttingum.




110 Mynd (109). Var munur á 19. og 20. aldar torfhúsum?

KAFLI 4 AF 6 - ALDURSMUNUR OG EFTIRGERÐIR. SP.4,2 MAT Á EFTIRGERÐUM TORFHÚSA.


- Mikilvægt að skýrt sé að um eftirgerð sé að ræða.
- Sumar eftirgerðir of rómantískar, vandræðalegar, byggt eftir stöðlum nútímans og gervi smellt yfir.
- Þekkir ekki nógu til - er ekki fær um að dæma það.
- Sjaldan alveg eins og gömlu húsin. Stundum sveigt aðeins of mikið að þægindum nútímans. En sjálfsgöð.



109 Mynd (110). Mat á eftirgerðum torfhúsa.




111 Mynd (111). Hver er staða torf- og grjóthleðslukunnattu?



112 Mynd (112). Þekkirðu einhverja sem kunna torf- og grjóthleðslu?

KAFLI 5 AF 6 - SÍÐASTA SKEIÐ TORFHÚSANNA.
SP.5. HVAÐ UM SÍÐASTA SKEIÐ TORFHÚSA?

- "Varla er aðkallandi að varðveita þau" og alls ekki fjölga þeim.
- Mætti leyfa meiri aðlögun á þeim en elstu torfhúsum.
- Skiptir ekki svo máli - veit ekki - engin skoðun.
- Varðveita á allar tegundir torfhúsa, líka með blönduðum efnum. Byggingarsögulega mikilvæg hús.



113 Mynd (113). Hvað finnst þér um síðasta skeið torfhúsa?